

Hergilsey



Guðrún Alda Gísladóttir (ritstj.)

Höfundar efnis:

Guðrún Alda Gísladóttir, Oddgeir Hansson og Uggi Ævarsson



Reykjavík 2009
FS432-08053

Ljósmynd á forsíðu er af gamla bæjarhólnum í Hergilsey (Ljósmyndari: Oddgeir Hansson).

© *Fornleifastofnun Íslands*

Bárugötu 3

101 Reykjavík

Sími 551 1033

Fax 551 1047

Netfang: fsi@instarch.is

Efni

EFNI	3
I INNGANGUR	4
Staðhættir	4
Framkvæmd.....	5
Yfirlit um sögu byggðar Í Hergilsey.	6
II. UM FORNLEIFASKRÁNINGU	8
Löggjöf.....	8
Uppbygging fornleifaskrár	9
III. ALMENNT UM MINJAR Í HERGILSEY.	12
Bæjarstæði.....	12
Landbúnaðarminjar	13
Sjávarminjar	14
Aðrar búsetuminjar	14
Minjar frá fyrra búsetuskeiði.....	16
IV. FORNLEIFASKRÁ	17
HEIMILDIR	74
VIÐAUKI I. FORNLEIFAKORT OG ÖRNEFNAKORT	75

I Inngangur

Það var í júnímánuði, nánar tiltekið 23. – 27. júní 2008, sem fjórir fornleifafræðingar, Garðar Guðmundsson, Guðrún Alda Gísladóttir, Oddgeir Hansson og Uggi Ævarsson, fóru til Hergilseyjar í þeim tilgangi að skrá fornleifar og grafa könnunarskurði ef tilefni gæfist til Var um að ræða samstarfsverkefni Fornleifastofnunar Íslands og Fornleifafélags Barðstrendinga og Dalamanna. .. Áður en haldið var af stað var haft samband við eigendur Hergilseyjar og var einn þeirra, Guðbrand Þórðarson, sem er fæddur og uppalinn í eyjunni til 12 ára aldurs, þeim innan handar varðandi upplýsingar um fornleifar og staðsetningu örnefna í eyjunni. Um flutninga til og frá Hergilsey sá Magnús Jónsson bóndi í Flatey. Á þetta góða fólk skilið bestu þakkir fyrir veitta aðstoð. Ekkert hús er lengur í Hergilsey og var legið við tjöldum þann tíma sem skráningin fór fram. Það kom þó ekki að sök þar sem veður var gott og sólríkt og nýttist því sá tími vel sem dvalið var í eyjunni..

Staðhættir

Hergilsey er í gamla Flateyjarhreppi á Breiðafirði, nú Reykhólasveit, í Austur-Barðastrandarsýslu. Hergilsey liggur 8 km norðnorðvestur af Flatey¹ og úr Heimaeyjunni er gegnt út í tvo hólma á fjöru, Höfn og Hróaldsey. Eyjan er hæst Vestureyja á Breiðafirði² og er hæst 29 m há.³ Tilkomumikið er að horfa til Hergilseyjar úr suðuri og sjá Vaðsteinabjarg, allt úr stuðlabergi, rísa hátt úr hafi. Að vestanverðu er eyjan fremur láglend þó hátt rísi bæði Höfn og höfðinn Stórirani og víða er bratt í sjó fram. Við eyjuna norðanverða er eitt aðalkennileiti eyjarinnar, Víkin, sem var aðallendingarstaðurinn í Hergilsey. Aðalbyggðin var á láglendinu á vestanverðri eyjunni, vestan Þverbrekku, sem er há og brött brekka sem liggur frá suðvestri til norðausturs. Í örnefnaskrá er henni líst svo: „Þverbrekka liggur yfir eyjuna austan við túnið. Hún hefst upp af Dýruflöt og liggur fyrst til vesturs, en beygir ofanvert við Hæstabæ eða Heimabæ (sjá 001 í fornleifaskrá) meira til suðurs og endar í vesturkinn Vaðsteinabjargs“.⁴ Sunnan og austan Þverbrekku er

¹ Eysteinn G. Gíslason. „Eyjar í Barðastrandarsýslu.“ 196.

² Örnefnaskrá Hergilseyjar, 1.

³ Eysteinn G. Gíslason. „Eyjar í Barðastrandarsýslu.“, 196.

⁴ Örnefnaskrá Hergilseyjar, 3.

eyjan há og hólótt og hæsti hóllinn nefnist Sjónarhóll.⁵ Eyjan er grösug, landslagið tilkomumikið og sennilega nokkuð skjólgóð miðað við margar aðrar eyjar á Breiðafirði.

Framkvæmd

Áður en haldið var á vettvang hafði verið gerð svokölluð svæðisskráning minja í eyjunni. Í svæðisskráningu er leitast við að yfirfara allar þær ritheimildir sem geta gefið vísbendingar um fornleifar og forna búskaparhætti á hverjum stað. Helstu heimildir sem notaðar eru við svæðisskráningu fornleifa á Íslandi eru t.d. gömul túnakort, örnefnalýsingar, Íslenskt fornbréfasafn, Íslendingasögur og jarðabækur s.s. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns og Jarðatal J. Johnsens. Einnig er notast við aðrar staðbundnari heimildir og má nefna sem dæmi, í tilviki Hergilseyjar, Eylendu, Árbók Ferðafélags Íslands um Breiðafjarðareyjar og Árbók Barðastrandasýslu. Sá Gróa Másdóttir svæðisskráninguna.

Við vettvangsskráninguna var farið á alla minjastaði í eyjunni sem þekkti voru úr ritheimildum en auk þeirra fannst talsvert af fornleifum sem ekki hafði verið getið þar.... Voru fornleifarnar bæði handteiknaðar og mældar upp með DGPS-stöð (e. Differential GPS) auk þess sem þeim var lýst í texta og teknar myndir af þeim. Notkun DGPS-stöðvar hafði þann kost að hægt var að varpa teikningunum beint inn á loftmynd af eyjunni með rétta staðetningu í landshnitakerfinu ISN-93... Auk þess var gert örnefnakorti í samvinnu við Guðbrand Þórðarson og jók það talsvert á upplýsingagildi rannsóknarinnar.

.. Gerðir voru könnunarskurðir á tveimur stöðum í eyjunni. Á Stórarana fundust þrjár grjóthrúgur sem voru taldar geta verið gamlar dysjar(sjá númer BA-088:059-061 í fornleifaskrá hér að neðan).. Var grafinn skurður í eina þeirra (BA-088:060) en ekkert fannst í þeim skurði og er talið líklegt að grjóthrúgurnar séu undirstöður undan þurrkhjalli. Einnig voru teknir tveir könnunarskurðir í tóftir á suðausturhluta Hergilseyjar, þar sem talið er að reistur hafi verið bær um 1783 (fornleif númer BA-088: 002 í fornleifaskrá). Í skurðunum fundust m.a. hornmáluð leirker sem talin eru vera frá 18.-19. öld og staðfesta þau að tóftirnar hafa verið í notkun á því tímabili. Lítil jarðvegur hefur safnast upp undir tóftunum og örstutt er niður á klöpp og því er ekki líklegt að tóftirnar séu mikið eldri en sú tímasetning sem leirkersbrotin benda til.. Frekari umfjöllun um könnunarskurðina er að finna í umfjöllun um þennan minjastað í fornleifaskránni hér að neðan.

⁵ Örnefnaskrá Hergilseyjar, 3-4.

Yfirlit um sögu byggðar í Hergilsey.

Talið er að búsetu í Hergilsey megi í grófum dráttum skipta í tvö megin skeið. Fátt er vitað um fyrra búsetuskeiðið eða hversu lengi það stóð. en öllu meira er vitað um það síðara sem hófst árið 1783.

Samkvæmt Landnámabók bjó í Hergilsey Hergils hnapprass sonur Þrándar mjóbeins sem nam eyjar fyrir vestan Bjarneyjarflóa og bjó í Flatey. Ingjaldur sonur Hergils tók við af föður sínum en var svo flæmdur úr eyjunni fyrir liðveislu sína við Gísla Súrsson.⁶ Einnig er minnst á Hergilsey í þessu sama sambandi í Þorskfirðinga sögu⁷ og í Gísla sögu Súrssonar.⁸ Heimildir eru um margt þöglar um Hergilsey eins og um svo marga aðra staði. Þó er minnst á hana einu sinni í máldaga Flateyjarkirkju frá 1363 en þar kemur fram að eyjurnar Hergilsey, Bjarneyjar, Svefneyjar, Hvallátur, Sviðnur og Skáleyjar eigi að borga tíund og lýsistolla til kirkjunnar.⁹ Sennilega er eyjan í byggð á þessum tíma því á allar eyjarnar/jarðirnar er lagður sami skattur og enginn greinarmunur gerður á milli þeirra. Aftur er Hergilseyjar getið í Fornbréfasafninu í tengslum við erfðamál árið 1480. Þá erfir Þorleifur Björnsson Hergilsey (ásamt fjölda annarra jarða og eigna) eftir móður sína Ólöfu ríku Loftsdóttur á Skarði á Skarðsströnd.¹⁰ Í þessari umfjöllun er hinsvegar ekki hægt að draga ályktanir um hvort eyjan hafi verið í byggð eða nytjuð á annan hátt á þessum tíma. Eyjunnar er næst getið í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns árið 1703 eftir því sem næst verður komist. Þar kemur fram að Hergilsey sé á meðal Flateyjarlanda og þar sé selstaða úr Flatey. Jafnframt kemur fram að byggð hafi verið til forna í Hergilsey en ekki sé ráð að byggja þar upp aftur því selstöðuna megi ekki missa.¹¹

Mikill áhugi var á fornaldarminjum í Danmörku í upphafi 19. aldar og lét konungleg nefnd um varðveislu fornminja þá skrá merkar minjar í öllu Danaveldi. Árið 1817 voru sendir út spurningalistar til sóknarpresta á Íslandi og þeir beðnir að gera grein fyrir fornum mannvirkjum og gripum sem fundust í sóknum þeirra. Svörin sem bárust nefndinni á næstu árum voru mjög misjöfn að lengd og gæðum og frá sumum prestum komu engin. Frá Flateyjarklerki, Tómasi Sigurðssyni, barst svar árið 1820. Þar getur hann þess m.a. að

⁶ Íslensk fornrit I. Íslendingabók og Landnáma, 153.

⁷ Íslensk fornrit XIII. Harðar saga, Bárðar saga, Þorskfirðinga saga, Flóamanna saga ofl, 198.

⁸ Íslensk fornrit XI. Vestfirðinga sögur, 78-79.

⁹ Íslenskt fornbréfsafn III (Diplomatarium Islandicum), 195.

¹⁰ Íslenskt fornbréfasafn VI (Diplomatarium Islandicum), 257.

¹¹ Árni Magnússon. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Dala- og Bárðastrandarsýsla, 241.

í Hergilsey sé svokallað Fíflsgerði, hvar Ingjaldur Hergíls Hnapprassarson geymdi Ingjaldsfíflid, Helga son sinn (sjá má umfjöllun um Ingjaldsbyrgi/fíflsgerði í fornleifaskrá númer BA-088:55).¹²

Árið 1783 hófst búseta á ný í Hergilsey þegar Eggert Ólafsson hóf þar búskap. Var eyjunni þá skipt úr Flatey og var hvor jörð fyrir sig metin 40 hundruð eftir skiptin.¹³ Lengst af var þrúbýlt í Hergilsey og árið 1788 bjó í Hæstabæ Eggert sjálfur (sjá númer BA-088:001 í fornleifaskrá). Sá bær var á bæjartorfunni vestantil á eyjunni. Sama ár bjó í Suðurbæ – sem þá stóð suðaustur á eyjunni (sjá númer BA-088:002 í fornleifaskrá) – Þórólfur Jónsson sem var seinni maður Guðrúnar “elstu” Eggertsdóttur. Fyrri maður Guðrúnar “elstu,” Guðmundur Einarsson, er talinn hafa reist Suðurbæinn árið 1783 en Guðmundur lést árið 1785.. Í bænum Rana eða Neðstabæ, á bæjartorfunni, bjó Jón Eggertsson (sonur Eggerts Ólafssonar, sjá númer BA-088:005 í fornleifaskrá).¹⁴ Búseta í Suðurbæ á suðausturhluta eyjarinnar var sennilega ekki löng þar sem lítil upphleðsla mannvistarlaga virðist hafa átt sér stað þar fyrir utan þær tóftir sem sjást á yfirborði.. Nöfn á bæjum í Hergilsey tóku breytingum með tímanum og verður sú flókna saga ekki rakin hér en vísað umfjöllun um bæina í fornleifaskránni hér að neðan.

Árið 1838 sendi Hið íslenska bókmenntafélag spurningalista til sóknarpresta á Íslandi til undirbúnings Lýsingu Íslands. Í svörunum geta flestir prestar um jarðir í sóknum sínum, eyðibýli, leiðir, bænhús og seljabúskap en segja fátt um aðrar fornleifar. Sr. Ólafur Sívertsen sem var prestur í Flatey 1823 til æviloka 1860 ítarlegri greinagerð um sóknina og svarar samviskusamlega þeim spurningum sem fyrir hann eru lagðar. Sennilega svarar hann listanum árið 1840 því í umfjöllun sinni um Hergilsey segir hann hana byggða frá Flatey fyrir 57 árum.¹⁵ Hann lýsir landslagi eyjarinnar og nefnir ýmsar fornleifar í umfjöllun sinni eins og grjóttgarð á brekkurbrún (sennilega númer BA-088:052 í fornleifaskrá) og gamlar tóftir milli klettabrekku og Efri bæjar (sennilega BA-088:087 í fornleifaskrá). Þegar Ólafur Sívertsen skráir Hergilsey eru 40 manns heimilisfastir þar¹⁶ og er húsakostur í talinn með reisulegra móti ásamt býli sóknarprestsins í Flatey,

¹² *Frásögur um fornaldarleifar 1817-1823. II bindi*, 402-403.

¹³ Þorsteinn Jónsson (ritstj.). *Eylenda I*, 229.

¹⁴ *Örnefnaskrá Hergilseyjar, I*.

¹⁵ *Sóknalýsingar Vestfjarða. I. Barðastrandasýsla*, 130.

¹⁶ *Sóknalýsingar Vestfjarða. I. Barðastrandasýsla*, 138.

dannebrogsmannsins í Svefneyjum, auk húsa í Hvallátrum.¹⁷ Miklar heimildir eru til um seinna búsetuskeiðið í Hergilsey og má til dæmis nefna Eylendubækurnar í því sambandi. Þar kemur fram að frá árinu 1783 var búið samfellt í eyggi til 1946 þegar hún fór í eyði. Á þessu tímabili bjuggu í Hergilsey alls 25 bændur.¹⁸

Tóftir í Hergilsey líkt og víða annars staðar í Breiðafjarðareyjum standa vel og eru vegghleðslur oft á tíðum í fullri hæð þótt þekjur séu fallnar í öllum tilvikum.. Það sást á vettvangi, líkt og Guðrbrandur Þórðarson heimildamaður staðfesti, að nýtilegir viðir höfðu verið hirtir úr húsunum eftir að búseta lagðist þar af. Eins og við var að búast eru ummerki um yngstu búsetuminjarnar í Hergilsey mest áberandi en þó má sjá á örfáum stöðum sjá leifar eldri minja, t.a.m. þar sem Ingjaldsbær á að hafa verið (sjá númer BA-088:087 í fornleifaskrá) og Ingjaldsbyrgi (sjá númer BA-088:055 í fornleifaskrá). Einnig sást merki um signar og óljósar tóftir (númer BA-088:066 í fornleifaskrá), fast sunnan við kálgarð (númer BA-088:065 í fornleifaskrá) norðaustantil á eygunni.. Eftir að Hergilsey fór í eyði hefur æðarvarp þó áfram verið nytjað auk þess sem eyjan er nýtt sem beitiland fyrir sauðfé.

II. Um fornleifaskráningu

Löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenska fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdaglegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning. Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður

¹⁷Sóknalýsingar Vestfjarða. I. Barðastrandasýsla, 181.

þó first að taka saman ýmiskonar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna.

Á undanförunum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 10. grein þjóðminjalaga (nr. 107, 2001), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja ...“ Er þessi fornleifakönnun í anda þeirra markmiða sem sett hafa verið þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölpætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum og öskuhaugum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mó gröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stúflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum;
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu.

Uppbygging fornleifaskrár

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SP o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar

18 Þorsteinn Jónsson (ritstj.). Eylenda I, 229.

ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi:BA-110:001). Fornleifaskrá hvorrar jarðar hefst á stuttu yfirliti yfir skiptingu jarðarinnar, eignarhald hennar og matsverð, og einnig er gefin stutt lýsing á náttúruvari og búskaparaðstæðum og sléttun túna. Þar á eftir kemur listi yfir fornleifar sem fundist hafa heimildir um.

Í skránni fær hver minjastaður eina grein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hvorrar greinar eru grunnupplýsingar auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða nátttröll). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða. Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarinn í gráðum og mínútum. Mæling hnattstöðu er gerð með GPS staðsetningartækjum (stillingin WGS 84) og er mælt í miðjuhvers minjastaðar. Áætlað er að frávik frá miðju sé ekki meira en 10 metrar að meðaltali. Í skráningu á dæmigerðum minjastað þar sem sagt er „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafi ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarinn ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með um 50 metra frávik.

númer jarðar eins og í Jarðatali Johnsen 1847

númer fornleifar á tiltekinni jörð

sérheiti

tegund fornleifar

hlutverk fornleifar

hnattstaða í gráðum og mínútum (WGS84 vörpun)

Sýslutákn

BO-104:025

Gömlugömluhús

tóft

beitarhús

64°29.404N 21°57.216V

"Við það sund rétt við gamla veginn er einstakur klettur, Grautarklettur [104:023]... Upp af Grautarkletti eru gamlar húsanústir, sem nefndar eru Gömlugömluhús. Þar voru fjárhús endur fyrir löngu," segir í örnefnalýsingu. Rústir sem passa við þessa lýsingu eru 230 m austur af Grautarkletti en um 2,8 km NNA af bæ 001. Vestan undir litu og lágu klapparholti með hundapúfu efst. Í kring eru hálfgrónir melar og mýrarsund til skiptis, sundurgráfin af smálækjum. Þessar rústir eru ekki jafn ellilegar og hefði mátt vænta af lýsingunni og nafninu. Leifar sjást af tveimur samstæðum, aflöngum húsum sem snúa austur-vestur með dyr í vestur. Stærð alls 12 x 10 m og er milliveggur þykkari en úteggirnir. Veggjahæð er mest um 0,7 m en veggir eru mikið hrundir inn. Sér samt við í grjóti í þeim. Hvorki vottar fyrir gördum né hlöðu eða heygardi.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Höfn, 6-7

hættumat sem stóðjar að fornleif, t.d. v/ framkvæmda eða náttúruafli

heimild sem vitnað er í, nánari færsla í heimildaskrá

hólt

20 m

Figure 1 Dæmið hér að ofan sýnir hvernig fornleifaskráin er byggð upp

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirbyggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt með öðrum upplýsingum sem við eiga. Í næstsíðustu línu er lagt mat þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Hættustig eru eftirfarandi: 1) engin hættu, 2) hættu og 3) stórhættu. Þeir minjastaðir sem eru fjarri byggð og öllu því umróti sem hugsanlega gæti skemmt þá teljast ekki í hættu. Minjar á eða við svæði þar sem framkvæmdir eiga sér stað teljast í hættu ef hugsanlegt er talið að þeim verði rótað. Sem dæmi um slíka staði má telja fornleifar í túni en þær teljast í hættu vegna þess umróts sem fylgir ábúð og búskap og minjastaðir sem eru á svæði þar sem framtíðar landnotkun er óráðin. Í stórhættu teljast minjastaðir þar sem miklar líkur teljast á að stöðum kunni að verða raskað vegna áætlaðs eða fyrirsjáanlegs umróts. Sem dæmi um slíka staði má nefna minjastaði sem eru á skipulagssvæði þéttbýlis, inni í skógræktarreitum, innan áhrifasvæðis stórframkvæmda eða sem uppblástur ógnar. Gerð er grein fyrir hver er hættuorsök hverju sinni. Þá er í síðustu línu getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

III. Almennt um minjar í Hergilsey.

Alls voru skráðar 94 fornleifar í Hergilsey sem flestar eru frá síðara búsetuskeiðinu en þó fundust á þremur stöðum minjar sem mögulega eru frá eldri tíð. Fornleifunum er hér skipt í fjóra meginflokka eftir eðli þeirra:

- * Bæjarstæði
- * Landbúnaðarminjar
- * Sjávarminjar
- * Aðrar búsetuminjar
- * Minjar frá fyrra búsetuskeiði

Bæjarstæði

Alls eru skráð fimm bæjarstæði frá síðara búsetuskeiðinu sem þó voru ekki öll í ábúð á sama tíma, en yfirleitt voru samt 3-4 bæir í ábúð á þessu tímabili. Einnig var skráð eitt bæjarstæði sem virðist vera frá eldra búsetuskeiðinu, svonefndur Ingjaldsbær, en því verður því gerð nánari skil hér að neðan í umfjöllun um minjar frá fyrra búsetuskeiði.

Samtala	Sérheiti	Sérheiti-2	Tegund	Hlutverk
BA-088:001	Hæstibær	Efribær	bæjarhóll	bústaður
BA-088:002	Suðurbær		bæjarhóll	bústaður
BA-088:003	Miðbær		bæjarhóll	bústaður
BA-088:005	Neðstibær	Norðurbær	bæjarhóll	bústaður
BA-088:006	Neðstibær	Suðurbær	bæjarstæði	bústaður

Á öllum bæjarstæðunum má enn sjá ummerki bæjarhúsa, ef undan er skilinn Miðbærinn þar sem eru rústir fjárhúss og hlöðu sem byggð voru ofaní rústir bæjarins. Á Hæstabæ, Neðstabæ/Norðurbæ og Neðstabæ/Suðurbæ sjást steyptir grunnar en á Suðurbæ hinum eldri sem er á suðausturhluta eyjunnar eru leifarnar öllu óljósari og er einungis um að ræða þýfðan hól með reglulegum dokkum sem gefa til kynna hvar bærinn hefur staðið.

Landbúnaðarminjar

Í þennan flokk falla minjar sem tengjast skepnuhaldi eða jarðrækt í Hergilsey. Þegar mest var af búfénaði í Hergilsey voru þar um 12-14 nautgripir og um 200 fjár¹⁹ Eru leifar skepnuhúsa til marks um þennan fjölda, en alls voru skráð 4 fjárhús, 1 lambhús, 4 fjós og 1 greinilegt skepnuhús en ekki er þó ljóst hvaða skepnur það hefur hýst. Aðrar minjar um skepnuhald eru 1 nátthagi sem er umkringdur miklu grjóthlöðnu garðlagi, 1 ból og 3 garðlög sem greinilega hafa verið vörslugarðar. Talsvert virðist hafa verið um matjurtarækt í eyjunni, en þar er að finna rústir 5 veglegra kálgarða. Heyfanga var aflað í úteyjum Hergilseyjar²⁰ en þó var heimaeyjan einnig nýtt í þeim tilgangi. Til marks um það má þar á tveimur stöðum sjá áveitugarða sem hafa haft það hlutverk að veita vatni á engjar.

Samtala	Sérheiti	Sérheiti-2	Tegund	Hlutverk	Hlutverk-2
BA-088:004			tóft	fjárhús	hlaða
BA-088:008			tóft	fjárhús	hlaða
BA-088:009			tóft	fjós	hlaða
BA-088:013			tóft	kálgarður	
BA-088:014			tóft	fjós	
BA-088:015			tóft	kálgarður	
BA-088:018			garðlag	áveita	
BA-088:019			garðlag	áveita	
BA-088:021			tóft	fjós	
BA-088:022			tóft	fjárhús	hlaða
BA-088:023			tóft	kálgarður	
BA-088:026			tóft	lambhús	
BA-088:042	Nátthagi		gerði	nátthagi	
BA-088:043			tóft	heygryfja	
BA-088:048			tóft	útihús	
BA-088:052			garðlag	vörslugarður	
BA-088:062			tóft	fjárhús	hlaða
BA-088:065			tóft	kálgarður	
BA-088:067			tóft	kálgarður	
BA-088:071			tóft	fjós	
BA-088:072			garðlag	rétt	
BA-088:076	Bólið		heimild	kvíar	
BA-088:081			garðlag	óþekkt	

¹⁹ Sveinbjörn Guðmundsson. "Hergilsey" s. 25.

²⁰ Þorsteinn Jónsson (ritstj) *Eylenda I*, s. 233.

Sjávarminjar

Þessi flokkur nær yfir fornleifar sem að tengjast sjósókn eða vinnslu sjávarfangs, auk lendinga og jafnvel siglingaleiða. Í Hergilsey eru skráðar 26 minjar í þessum flokki en af þeim eru einungis 10 mannvirki, þ.e 5 bryggjur, 3 hjallar, 1 fiskreitir og eitt naust. Restin er lendingar (14) og siglingaleiðir (2)

Samtala	Sérheiti	Sérheiti-2	Tegund	Hlutverk
BA-088:011			tóft	hjallur
BA-088:027	Suðursnös		heimild	lending
BA-088:028	Lónið		heimild	lending
BA-088:030	Ranavör	Norðurvör	heimild	lending
BA-088:031	Hafnarsund		heimild	leið
BA-088:032	Hjallabali		tóftabyrping	hjallur
BA-088:033	Hjallasker		heimild	lending
BA-088:034	Víkin	Bæjarvík	heimild	lending
BA-088:035	Grásleppusund		heimild	leið
BA-088:036	Leiðarsund		heimild	leið
BA-088:037	Ranabryggja	Ranasteinsbryggja	heimild	lending
BA-088:038	Ranasteinn		heimild	lending
BA-088:039	Bryggjan		heimild	lending
BA-088:040	Sandur		heimild	lending
BA-088:041	Tindabikkja		heimild	lending
BA-088:044	Nýjavör		heimild	lending
BA-088:045	Djúpahlein		heimild	lending
BA-088:056			tóft	hjallur
BA-088:057			heimild	lending
BA-088:064			hleðsla	fiskreitir
BA-088:070			hleðsla	lending
BA-088:088	Hafnarlending		heimild	lending
BA-088:089	Norðursnös		heimild	lending
BA-088:090	Ranasnös		heimild	lending
BA-088:091	Norðurvör		heimild	lending
BA-088:092	Naust		heimild	naust

Fæð mannvirkja sem beinlínis má tengja fiskvinnslu orsakast mögulega af því að aðalútræði Hergilseyinga var ekki í heimaeyjunni heldur í Oddbjarnarskeri, einni úteyjanna. Eins er mögulegt að eitthvað af þeim tóftum sem eru með óþekkt hlutverk og eru skráðar í flokkinn „Aðrar búsetuminjar“ (sjá að neðan) hafi tengst sjósókn.

Aðrar búsetuminjar

Í þennan flokk eru skráðar 37 fornleifar sem ekki tengjast beint skepnuhaldi, jarðrækt eða sjávarútvegi, auk mannvirkja með óljóst hlutverk. Í honum eru 8 brunnar, 1 göngugarður,

1 huldufólksbústaður, 1 gata, 1 mógrafasvæði, 1 mylla eða undirstöður undan myllu, 1 skemma, 2 skotbyrgi, 2 smiðjur og 9 tóftir, 1 grjótfóðruð gryfja, 3 dysjar, 2 hleðslur, 3 vörður og 1 þúst.

Samtala	Sérheiti	Sérheiti-2	Tegund	Hlutverk	Hlutverk-2
BA-088:007			tóft	smiðja	
BA-088:010			tóft	óþekkt	
BA-088:012			tóft	óþekkt	
BA-088:016			tóft	óþekkt	
BA-088:017			lind	brunnur	
BA-088:020			tóft	óþekkt	
BA-088:024			tóft	óþekkt	
BA-088:025			gryfja	óþekkt	
BA-088:029	Álfakirkja	Tröllakirkja	þjóðsaga	huldufólksbústaður	tröll
BA-088:046	Litlibrunnur		heimild	brunnur	
BA-088:047			tóft	smiðja	
BA-088:049			lind	brunnur	
BA-088:051	Kríuhóll		heimild	mylla	fánastöng
BA-088:053	Kúagangur		gata	leið	
BA-088:054	Tunnubrunnur		heimild	brunnur	
BA-088:058			tóft	skotbyrgi	
BA-088:059			dys	óþekkt	
BA-088:060			dys	óþekkt	
BA-088:061			dys	óþekkt	
BA-088:063			tóft	skemma	
BA-088:066			tóft	óþekkt	
BA-088:068			tóft	óþekkt	
BA-088:069			hleðsla	óþekkt	
BA-088:073	Fornibrunnur	Urðarbrunnur	örnefni	brunnur	
BA-088:074	Stóribrunnur		lind	brunnur	
BA-088:075	Kúabrunnur		lind	brunnur	
BA-088:077			þúst	óþekkt	
BA-088:078			náma	mógrafir	
BA-088:079			tóft	óþekkt	
BA-088:080	Litlibrunnur		heimild	brunnur	
BA-088:083	Skothússhóll		tóft	skotbyrgi	
BA-088:084			varða	óþekkt	
BA-088:085			tóft	óþekkt	
BA-088:086			varða	óþekkt	
BA-088:093			varða	óþekkt	
BA-088:094			hleðsla	óþekkt	
BA-088:095			garðlag	göngugarður	

Minjar frá fyrra búsetuskeiði

Alls voru skráðar 4 fornleifar sem greinilega eru eldri en svo að þær geti verið frá seinna búsetuskeiðinu í Hergilsey. Tvær af þessum fornleifum tengjast, samkvæmt munnmælum, Gísla sögu Súrssonar, en þær eru áður nefndur Ingjaldsbær og Ingjaldsbyrgi/Fíflsbyrgi/Fíflsgerði, þar sem sagt er að Ingjaldur hafi geymt son sinn Helga (Ingjaldsfíflíð). Þar sem bær Ingjalds á að hafa verið, við rætur Þverbrekku (sjá að framan) er greinilegur rústahóll þótt ekki sé hægt með góðu móti að greina einstakar byggingar vegna þýfis. Ingjaldsbyrgi átti samkvæmt lýsingum að vera hálfhringlaga gerði undir kletti skammt frá Vaðsteinabjargi sem er við suðvesturenda Hæðarinnar. Á þeim stað eru rústir sumarfjöss frá seinna búsetuskeiðinu ásamt aðhaldi. Umhverfis fjósið má svo einnig greina mikið sigið gerði sem mögulega er það sem menn töldu að væri Ingjaldsbyrgi. Auk Ingjaldsbæjar og Ingjaldsbyrgis voru skráðar þrjár tóftir, allar með óþekkt hlutverk. Er ein þeirra austanvert utan í “Ingjaldsbyrgi,” önnur er fast sunnan við kálgarð norðvestantil á eyggi en staðsetning þeirrar þriðju er ókunn að öðru leyti en því að sagt er að Snæbjörn Kristjánsson hreppstjóri, er bjó í Hæstabæ á árunum 1895-1935, hafi grafið í tóft nálægt þeim stað þar sem Ingjaldsbær á að hafa verið.

Samtala	Sérheiti	Sérheiti-2	Tegund	Hlutverk
BA-088:050			tóft	óþekkt
BA-088:055	Ingjaldsbyrgi	Fíflsbyrgi	gerði	fjárskýli
BA-088:066			tóft	óþekkt
BA-088:082			tóft	óþekkt
BA-088:087	Ingjaldsbær		bæjarhóll	bústaður

Ekki er alveg hægt að fullyrða um það hvort þessar leifar séu raunverulega frá söguöld þótt nokkuð ljóst sé að þær séu talsvert eldri en minjarnar sem tilheyra búsetuskeiðinu sem hófst 1783. Samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns var selstaða frá Flatey í Hergilsey²¹ og er ekki loku fyrir það skotið að þessar eldri minjar tengist þeirri starfsemi.

²¹ Árni Magnússon. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Dala og Barðastrandarsýsla*. 6. bindi, s. 241

IV. Fornleifaskrá

BA-088 Hergilsey



Túnakortið er frá 1918 en ekki er þó ljóst í hvaða mælikvarða það var teiknað.

40 hdr. 1783. Flatyjarkirkjueign að hálfu, bændaeygn að hálfu. Þorsfirðingasaga: Hergils [hnappress Þrándarson í Flatey, skv. ÍF I, 152] byggði Hergilsey. Hann var mágur Þóris á Þórisstöðum. ÍF XIII, 192. Byggð hefur greinilega ekki verið stöðug á Hergilsey frá landnámi. 1783 komu nýir landnemar þangað. Eftir hversu langt hlé kemur ekki fram. Ö-Hergilsey, 1 og 5. "Bæir hafa lengst af verið þrír í Hergilsey og þannig var það 5 árum eftir að byggð hófst þar að nýju." Ö-Hergilsey, 1. Minnst er á Hergilssey í Gísla sögu Súrssonar á bls. 78 og 79. Þar er verið að tala um Ingjald, frænda Gísla. ÍF, VI. bindi. Einnig er minnst á þegar Ingjaldur stendur á Vaðsteinabjargi ásamt þræl sínum og ræðir við Börk hinn digra Þorsteinsson, sjá ÍF, VI. bindi, 84. Hergilseyjar er getið Landnámu, í tengslum við Flatey. Hergils ... bjó þar og síðan Ingjaldur sonur hans. Sagan segir að Börkur digri hafi rekið Ingjald úr Hergilsey vegna liðveislu við Gísla Súrsson og fer tvennum sögum af hvort hún fór í eyði aftur þá eða síðar. Hitt er vitað að hún var í eyði um margra alda skeið og lá þá undir

Flatey." Eylenda, I, 229. "Á meðal Flateyjar landa er Hergilsey, sem byggð hefur verið til forna, en nú selstaða úr Flatey. Kann ei missast frá Flatey, selstöðunnar vegna. JÁM, VI. bindi, 241. "Í Hergilsey er ... búíð [frá 1783] samfelld til 1946, eða í 163 ár. Þá fór hún í aftur í eyði og hefur verið það síðan. Þó að saga byggðar í Hergilsey sé þannig stutt og sundurslitin, þá er hún á margan hátt stórbrotin og örlagaþrungin einsog gömlu Íslendingasögurnar enda er Hergilsey eina eyjan í Vestureyjum sem þar kemur við sögu að ráði." Árið 1801 voru í Hergilsey fjögur heimili og íbúar um 60. Á þessum 163 árum sem byggð stóð síðast bjuggu í Hergilsey 25 bændur alls. Eylenda, I, 229. Hergilseyjarbændur áttu hálfa Flateyarkirkju. Árbók Barðastrandarsýslu, 25. "Verbúðirnar [í Oddbjarnarskeri, sjá, 082] stóðu flestar, með tilheyrandi hjöllum og fiskireitum, uppi á Hólnum báðum megin lægðarinnar [sem er eftir mestöllum Hólnum endilöngum]." Árið 1923 var "... aðeins ein búð uppi standandi [líklega Snæbjarnarbúð, 091], sem rifin var nokkrum árum síðar ... Þegar Hergilseyingar og aðrir Eyjamenn töluðu um að fara út í Oddbjarnarsker eða Sker, eins og það var oftast kallað í daglegu tali, var einvörðungu átt við grashólmann, hina gömlu verstöð." Þar "... hefur komið í ljós mikið af fisk- og kjötbeinum, einnig rostungsbein og tennur." Ö-Hergilsey, 10. "Þó getur þjótrúin um Oddbjörn sem þarna hafi numið land en sú sögn gæti þó hafa orðið til út frá nafni hólmanns. En hvað sem því líður hefur þó Oddbjarnarsker ekki alltaf verið mannlaut því þar samankomið fjölmenni haust og vor um margra alda skeið ... Þegar Flateyjarlandi var skipt fylgdi Skerið Hergilsey en þó höfðu Flateyingar þar ítök áfram um hrið, a.m.k. í selveiðinni ... Skerið [hefur] legið undir Hergilsey lengst af síðan byggð var þar endurreist í lok 18. aldar." Eylenda, I, 252-253. "Í Jarðabók Árna og Páls 1703 eru taldar upp 27 verbúðir í Skeri og 33 formenn nafngreindir á fjögra-, fimm og sexmannaförum og einum litlum áttæringi." Þegar mest var má áætla að hafi verið allt að 200 manns. "Þá hefur Skerið verið æði þétt setið og þessi litli hólmi fjölmennasta eyjan á Breiðafirði ... Smámsaman dró úr útgerð í Oddbjarnarskeri þegar líða tók á 19. öld, og verbúðum fækkaði. Þá var þilskipaútgerð komin til sögunnar og breyttir atvinnuhættir." Eylenda, I, 252 og 254 og JÁM, VI. bindi, 247-249. "Tókst veiðiaðstaða þessi [þ.e. Oddbjarnarsker] upp algerlega á 14. öld eða fyrri og hélzt við fram yfir siðaskiptatímam, hvar eftir hún náði því meiri þroska, sem fremur fór hnignandi fiskiafla heima í sjálfum Vestureyjum ... Jón Björnsson, hinn ríki á Flatey, jók þar fyrstur, sem menn vita, verbúðm og lagði á tolla ... 1799, voru þar 29 búðir, skipshöfn í hverri og jafnmargir formenn. Í ferðabók Eggerts Ólafssonar tjáist, að í skerinu hafi róið 30-40 skip til fiskveiða á vorin." Sóknalýsingar Vestjarða, I, 143-144 og FEÓ, I, 318. Við gamlan búðarvegg [112] var "... mikið af kindabeinum og fiskibeinum. Voru leggbeinin brotin til mergjar. Þarn voru og selabein en engin stórgripabein." Oddbjarnarsker,

1. "Hvernig á því stóð, að vorvertið lagðist niður í Oddbjarnarskeri hefi ég [Hermann S. Jónsson frá Flatey] ekki getað fundið, en líklegt þykir mér, að það hafi orðið í kringum eða eftir aldamótin 1800, þegar Hergilsey byggðist frá Flatey og skipti fóru fram á úteyjum og skerjum milli Hergilseyjar og Flateyjar." Selveiði jókst eftir að vertíðum fækkaði í Skerinu. Bárusog, 226-227.

Um 1920: 4,3; 3/4 sléttað; garðar: 1502 m². Um það bil 18 ha, skv. Árbók Barðastrandasýslu, bls. 23. "Hergilsey er hæst úr sjó allra Vestureyja á Breiðafirði." Ö-Hergilsey, 1. "Þá kemur Lónið [028], það er vogur, sem liggur milli Suðursnasar [027] að austan og Vestursnasar að vestan. Þessi litli vogur myndast um hálfvallinn sjó, þá er gott að lenda þarna í ládeyðu, enda má setja upp báta á þessum stað og er mjög heppilegt, því beztu hrognkelsaveiðin (einkum rauðmaga) í Hergilsey er í víkinni þar fram undan." Ö-Hergilsey, 1. "Austur frá Hæstabæ [sjá, 005] inn með klettabrún Hæðarinnar að norðanverðu, er austasti eða innsti hluti túnsins í Hergilsey og heitir Dýraflöt. Hún er ræktuð upp úr grjóturð og þótti nokkuð dýr." Ö-Hergilsey, 2. "Allt ræktað tún í Hergilsey nær austan frá þverbrekku [sem liggur yfir eyjuna austan við túnið] ... og norðaustur eftir Litlarana [sjá, 031-032], og er því skipt hvert sinn hlutfallslega milli bændanna í Hergilsey, eftir stærð ábýlis hvers fyrir sig. Austur hluti Hergilseyjar er töluvert hærri og hólóttari en hinn vestari. Lítið er þar um víkur og voga, en urðir, klettur, hleinar og stuðlaberg eru umgerð hennar ... Bithagi nautpeningsins er á austur hluta eyjarinnar og á Hróaldsey [sem er fyrir austan Hergilsey] ... En í þá eyju verður að sæta sjávarföllum." Ö-Hergilsey, 3. "Vestur af Áskelsey [sem er fyrir norðaustan Hergilsey] er sker, sem sézt um fjöru og heitir Glænefur. Í nánd við hann er gott flyðrumið. Í norðvestur af Hergilsey rísa Hrauneyjar úr sjó, mjóar og háhryggjaðar ... Þetta eru frekar rýrar eyjar, en gras fæst þar að góðum mun. Útsuður af Ytri-Hrauney eru Hrauneyjaklettur tveir að tölu ... [með] dálítið af lunda ... Í austnorður af Ytri-Hrauney er Innri-Hrauney nokkuð grösugri, en hin fyrr nefnda." Ö-Hergilsey, 5. "Góð beit þykir í Oddleifsey [sem er töluvert langt fyrir norðan Hergilsey], og notuðu Hergileyingar það óspart að haustinu, en gæta varð fjárins vegna mikillar flæðihættu. Smalarnir bjuggu í kofanum [í Kofavogi, 066], þótti öruggara að hafa bát hjá sér í eyjunni. Stundum var dvalið þar svo vikum skipti, allt eftir því, hvað beitin entist fyrir féð og hvernig viðraði ... Norðanvert og um miðja Oddleifsey er stórt svæði þakið hvönnum, kallast það Hvannstóð. Breiðist hvönnin mjög ört út og veldur skemmdum á slægjulandi." Ö-Hergilsey, 6-7. Vestur af Oddleifsey "... er nokkurt dýpi, þar veiddist oft flyðra ... Boðaslóð er gamalt flyðrumið 3/4 úr sjómílu vestur af Hergilsey og liggur milli Loftsbóða [sem er, að ég held, fyrir norðan Hergilsey] og Drápskerja [sjá, 062]." Ö-Hergilsey, 7. "Skutulseyjar [sjá, 067] eru bæði fallegar og gagnsamar. Þar er graslendi

gott til slægna og beitar, einnig vex þar gott skarfakál, æðarvarp mikið og kofnatekja eins og í Oddleifsey og Reykey [sjá, 060] ... Veiðileysa er sker, sem liggur í útsuður frá Skutulseyjum. Örskammt í útsuður þaðan, er flyðrumiðið Þarar ... Vastir er fiskislóð, sem liggur vestur af Flatey en suður af Skutulseyjum ... Eina viku sjávar vestur frá Hergilsey eru Drápskerin ... Þau eru tvö og kallast Ytra-Drápsker og Innra-Drápsker, nýnefnt. Nafn sitt hafa þau fengið af því, að þar var eitt sinn uppdráp útsela ... þar til nú fyrir fáum árum ... Norður af Ytra-Drápskeri er sérstakt sker kallað Norðursker, við það og Drápskerin eru vorkópalagnir ... Austur af Norðurskeri er lágt sker kallað Litla-Reykey, en norður af því eru blindsker ... Álaboðar eða aðeins Boðar. Norðanvert við þá og í austur og vestur kallast Boðaslóð ... Þótti það fengsællt flyðrumið. Í norðvestur af Drápskerjum er gamalt fiskimið frá Oddbjarnarskeri og heitir Sauðeyjaáll." Ö-Hergilsey, 7-8. "Um það bil 1/4 úr sjómílu vestur af Drápskerjum [sjá, 062] eru tvö sker, sem heita Gjögursker og draga nafn sitt af gjá í öðru skerinu, sem sker það nærri sundur. Gjáin kallast Gjögur ... Kringum Gjögrið ... var oft drepinn mikill fjöldi útsela á þurru landi." Ö-Hergilsey, 8-9. "Hæð eða hnúa, sem kölluð er Trumba, er á austurenda Laugaskersins [sjá, 071-072]. Þegar veiða átti sel í írekstrarnet, var einnmaður látinn standa þar og reyna, eftir megni, að koma í veg fyrir að selir kæmuzt austur úr sundinu [Leiðarsundi, sem er á milli Laugaskerja og Oddbjarnarskers] ... Milli Laugaskerjanna er sund, sem fjarar aðeins um stórfjörur, koma þá úr kafinu lágar slétta hleinflesjur, uppáhalds samkomustaður fyrir seli. Sættu Hergilseyingar þá færís að leggja írekstrarnet sín vestanvert við þennan stað, þar sem kölluð er Lögnin ... Þessar írekstrarferðir voru stundum farnar fjórum sinnum í aprílmánuði ár hvert, en aldrei endranær." Ö-Hergilsey, 9-10. "Grjótflaga er flaga norður af Reykey [060]. Þar er vorkópaveiði, Grjótflögulagnir." Suðaustur af Áskelsey (058) er Áskelseyjarklettur. "Kippkorn norður af [honum], og álíka langt austur frá Sandey [061], er lítill grashólmi, kallaður Æðarsker, þar er vorkópaveiði og kallast það Æðarskerslögn. Norður af Æðarskeri eru tvö sker, kölluð Norðursker ... við þau er vorkópaveiði." Ö-Hergilsey, 13. "Að austanverðu skerzt Góðivogur inn í Drápskerið [það ytra, sjá, 062] ... Í Góðavogi er oft góð vorkópveiði, heitir þar Góðavogslögn." Ö-Hergilsey, 15. "Hergilsey liggur 8 km norðnorðvestur af Flatey í stefnu á Vatnsfjarðarmynni. Hún er allsérkennilegt og fagurt náttúrusmíði, flúrað með stuðlabergsskreytingum einsog Þjóðleikhús ... Aðalhluti eyjarinnar minnir á bát á hvolfi, séð sunnan frá. Snýr hann framenda til austnordæusturs en skuturinn myndar gafll mót útsuðri ... Háhryggur eyjarinnar eða kjölur hins hugsaða skips rís yfir Vestureyjar, 29 m hár ... Lengd "skipsins" er líklega um hálfur km ... Út frá þessum hálenda aðalhluta Hergilseyjar vestanverðum liggur hinn helmingur hennar til norðvesturs, flatlendur að mestu, miklu lægri og mun minni. Þar var byggðin og túnið."

Eylenda, I, 229-230. "Heimaeyjan í Hergilsey er ekki stór og þótti ekki grasgefin meðan þar var búið ... Heyskapur var þá að mestu sóttur í úteyjar og jafnvel til lands. Hlunnindi og margskonar eyjagagn voru hinsvegar stór þáttur í afkomu Hergilseyinga einog annarstaðar í eyjunum. Þar var t.d. mesta selveiðin, mikil kofnatekja, nærtæk og góð hrognkelsaveiði og allmikil dúntekja. Stutt er á lúðumið og styttra á fiskislóð en úr Inneyjum ... Eyjar og grashólmar í Hergilsey eru rúmlega 30." Eylenda, I, 230. "Hrjóstrug er hún [Hergilsey] og norðanvert urðir og klettur, en austan og sunnan til eru blágrýtisklettur af stuðlabergi, og á henni vestanverðri, er bjarg 10 faðma hátt [Vaðsteinabjarg], með fjór- og fimmköntuðum stuðlum, er standa upp hver við annan." Sóknalýsingar Vestfjarða, I, 130. "Hergilsey liggur í norðvesturhorni Flateyjarhrepps ..." Árbók Barðastrandarsýslu, 23. "Hæst er hún [Hergilsey] um miðjuna endilanga, hallar suður og norður af. Einkum ber mikið á þremur hólum: Sjónarhól, sem er hæstur, Skothússhól þar austur af en Bjarghól vestast ... Sunnan við hólana er eyjan vel gróin ... Hólabrekkurnar að norðanverðu eru grýttar og holurð norðan undir Bjarghól. Norður frá Sjónarhól og Bjarghól er nokkurt undirlendi. Þar er túnið, og þar stóð aðalbyggðin ... Ca. 40 eyjar og grasi vaxin sker liggja til heimaeyjarinnar, dreifðar um allstórt svæði frá suðvestri til norðausturs ..." Stærstu eyjarnar eru allar "... feitar og gagnsamar." Árbók Barðastrandarsýslu, 23-24. "Hergilsey var og er meðal mestu hlunnindajarða hreppsins, en hætt er við, og mun þegar vera farið að sjást, að þau gangi til þurrðar, þegar búsetu er hætt þar. Þegar Eggert [Ólafsson, fyrsti bóndinn í Hergilsey á 18. öld] flutti bú sitt þangað, óx að mun bæði dúntekja og selveiði, vegna aðhlyningar hans. Þetta hélzt svo við þar, þó nokkuð væri farið að þverra ... Um þorskfiski var vart að ræða, nema frá Oddbjarnarskeri, en þar höfðu Hergilseyjarbændur flestir útveg sinn, bæði haust og vor." Árbók Barðastrandarsýslu, 24. Farið var með sauðfé til beitar upp á land, m.a. í Vatnsfirði. Árbók Barðastrandarsýslu, 25. Norðvestan á Sandey, (061), eru þrennar selasagnir. Einnig í Hvannhólmsvogi, sem er í eða við Hvannhólma. Sá hólmi tilheyrir svokölluðum Þykkvulöndum, sjá 061. Stykki er enn einn staðurinn þar sem eru selalagnir. Árbók Barðastrandarsýslu, 28, 29 og 30. "Oddbjarnarsker, eða Skerið ... er 6 sjómíllur (11 km) í suðvestur frá Hergilsey ... Þetta er geysimikill samfelldur skerjaklasi ... Höfuðprýði hans er Hóllinn, 300 m langur, 200 m breiður á breidd, þar sem hann er breiðastur, og 9 m hár, þar sem hann er hæstur." Ö-Hergilsey, 10. Mikil lundamergð í Oddbjarnarskeri. "Haugur þessi [þ.e. Oddbjarnarsker] eða réttara sagt hólmi stendur á allstórum skerjafláka sem að mestu fer í kaf um flæðar. Sjálfur mun hólminn vera um 100 m á lengd, 80 m á breidd og innan við 10 m yfir sjó á hæð. Allt í kringum hann er hallandi skeljasandsfjara út frá melbökknum ... þetta er ... fornfræg verstöð sem liggur 11 km fyrir utan Flatey ... Þaðan eru 16 km upp til

Barðastrandar en hátt í 40 suður til Snæfellsness. Til vesturs er ekki land að hafa fyrr en við "Grænlands köldu kletta". Eylenda, I, 252. "Var í Skeri fjölfiski mikið: þorskur, ýsa, flyðri, langa, steinbítur, skata og hákarl." Sóknarlýsingar Vestfjarða, I, 144. Mikið æðarvarp í Oddbjarnarskeri. Oddbjarnarsker, 1. "Skerið er nokkru lengra frá austri til vesturs, en frá norðri til suðurs...", Bárusog, 218. "... Jón Grímsson getur þess í annál sínum, að í Oddbjarnarskeri og Vestureyjum hafi bjargast í hallærisneyð yfir 100 þurfamenn úr öðrum sveitum. Hákarlalegur hafa ... verið stundaðar þaðan, líklega einkum fyrst á vorin." Bárusog, 219.

BA-088:001 *Hæstibær* bæjarhóll bústaður 65°25.978N 23°01.238V

Hergilsey liggur í norðvesturhorni Flateyjarhrepps...Hún liggur frá austri til vesturs, eins og flestar eyjar í grennd, ca 18 ha, og hæst allra Vestureyja, 29 metrar. Hæst er hún um miðjuna endilanga, hallar suður og norður af. Einkum ber mikið á þremur hólum: Sjónarhól, sem er hæstur, Skothúshól þar austur af, en Bjarghóll vestast...Norður frá Sjónarhól og Bjarghól er




Hæstibær 001, horft til austurs

nokkurt undirlendi. Þar er túnið, og þar stóð aðalbyggðin." segir í Árbók Barðastrandarsýslu 1952. "Þverbrekka liggur yfir eyjuna austan [eða austsuðaustan] við túnið... Vestur undir þverbrekkunni stendur Hæstibærinn eða Heimabærinn ...Sum bæjanöfnin voru látin stigbreytast og fór það eftir fjölda bæjanna í eyjunni á ýmsum tímum, t.d. Efribær, Hærribær, Hæstibær og loks Heimabær. Allt er

þetta einn og sami bærinn ... Í þeim bæ [Hæstabæ] bjó Snæbjörn hreppstjóri í hartnær 40 ár, eftir Kristján, föður sinn, Jónsson.", segir í örnefnaskrá. Þverbrekka liggur frá suðvestri til norðausturs suðaustan við túnið og meginbyggðina í Hergilsey. Á brún hennar raðast hólarnir þrír sem nefndir voru hér að framan, frá suðvestri til norðausturs, Bjarghóll, Sjónarhóll og Skothúshóll. Hæstibær/Efribær/Hærribær/Heimabær, stóð nálægt rótum Þverbrekku vestsuðvestur frá Sjónarhóli. Hergilsey var í eyði um nokkurra alda skeið áður en byggð hófst þar að nýju árið 1783 að Hrauney eru Hrauneyjaklettur tveir að tölu ... [með] dálítið af lunda ... Í austnorður af Ytri-Hrauney er Innri-undirlagi Eggerts Ólafssonar (sjá Eylenda I bls. 229) Heimildir eru nokkuð misvísandi varðandi þetta seinnaHrauney nokkuð grösugri, en hin fyrr nefnda." Ö-Hergilsey, 5. "Góð beit þykir í Oddleifsey [sem er töluvert búsetuskeið en þó virðist sem þá hafi yfirleitt verið þrír bæir í

byggð í eyjunni. Byggði Eggert Ólafsson langt fyrir norðan Hergilsey], og notuðu Hergileyingar það óspart að haustinu, en gæta varð fjárins vegna bæ sinn (Hæstabæ) á svipuðum slóðum og bær Ingjaldar, sem sagt er frá í Gíslasögu, á að hafa staðið, við mikillar flæðihættu. Smalarnir bjuggu í kofanum [í Kofavogi, 066], þótti öruggara að hafa bát hjá sér í rætur Þverbrekku. Á sama tíma byggðu dóttir Eggerts, Guðrún "elsta" og fyrri maður hennar Guðmundur eyjunni. Stundum var dvalið þar svo vikum skipti, allt eftir því, hvað beitin entist fyrir féð og hvernig viðraði Einarsson, sér bæ suðaustur á eyjunni sem nefndur var Suðurbær



Uppdráttur af bæjarhól 001 og minjastöðum næst honum. Númerin vísa til minjastaðanna

(skráður hér sem 002) og sonur hans Jón byggði sér bæ norðaustur af Hæstabæ sem ýmist var nefndur Rani eða Neðstibær (skráður hér sem 005) (sjá Árbók Barðastrandasýslu 1952). Virðist Hæstibær þá stundum hafa gengið undir heitinu Miðbær (sjá örnefnaskrá) þar sem hann var á milli þessara tveggja bæja. Ekki er alveg ljóst hvenær Suðurbær Guðrúnar Eggertsdóttur hefur farið í eyði, en eftir að tvíbýlit varð á Neðstabæ/Rana var bærarheitið Suðurbær eða Syðribær notað yfir syðra íbúðarhúsið þar. Var sá bær sem stóð á hinu gamla bæjarstæði

Neðstabæjar/Rana gjarnan nefndur Norðurbær eftir það. Á árunum 1865-1870 reisti Bergsveinn Þorkelsson bæ, miðja vega á milli Hæstabæjar og Neðstabæjar/Rana, sem nefndur var Miðbær (sjá 003). Ekki er ljóst hversu lengi var búið í Miðbæ en fjárhús og hlaða voru síðar byggð í rústum hans (skráð sem 004). Hæstibær er í túni sem nú er fallið í órækt.

Rústir síðasta íbúðarhússins á Hæstabæ eru enn sjánlegar. Sjá má grjóthlaðinn sökkul og steiptan og grjóthlaðinn kjallara sem er sambyggður honum að norðanverðu. Sökkullinn er um 5 x 8 m að stærð, úr tilhöggnu grjóti með stefnuna vestsuðvestur-austnorðaustur. Einungis eitt umfar af hleðslugrjóti er sjánlegt á yfirborði og stendur það mest um 0,2 m upp úr sverði. Kjallarinn er um 8 x 2 m að stærð og um 1,6 m að dýpt með sömu stefnu og sökkullinn. Neðri helmingur veggja kjallarans er grjóthlaðinn en steipt ofan á þá. Suðvesturvegurinn virðist þó steiptur að öllu leyti. Dálítið útskot er austnorðaustast á

suðvesturveggnum, sem gengur inn í sökkulinn, og er mögulegt að þar hafi verið stigi niður í kjallarann. Samanlögð stærð kjallarans og sökkulsins er um 8 x 8 m, en húsið sjálft, sem var timburhús á einni hæð með risi, virðist, samkvæmt myndum sem eru til af því (sjá Eylanda I bls. 236), hafa staðið á sökklinum, en dálítill viðbyggingin yfir kjallaranum. Að sögn Guðbrands Þórðarsonar sem er fæddur og uppalinn í Hergilsey, voru húsin í eyjunni mörg hver rifin og timbrið endurnýtt annarsstaðar, aðallega þó í Flatey. Svo virðist þó ekki hafa verið raunin með síðasta húsið á Hæstabæ þar sem talsverðar timburleifar eru enn greinilegar í rústum þess.

Heimildir:Árbók Barðastrandarsýslu 1952, 23-27; Ö-Hergilsey, 1 og 3; Eylanda, 229, 231

BA-088:002 *Suðurbær* bæjarhóll bústaður 65°25.933N 22°00.943V

Í örnefnaskrá Hergilseyjar segir: "Bæir hafa lengst af verið þrjár í Hergilsey og þannig var það 5 árum eftir að byggð hófst þar að nýju. Árið 1788 bjó í Suðurbæ Þórólfur (d. 1798 Jónsson) [bóndi í Hergilsey,1787-1798], seinni maður Guðrúnar elstu Eggertsdóttur. Þann bæ reisti




Tóft 002, horft til suðausturs

Guðmundur (d. 1785) Einarsson [bóndi í Hergilsey, 1783-1785], fyrri maður hennar... Menn ætla að þessi bær hafi staðið suðaustur á eyjunni, þar sem enn má sjá einhverjar jarðsagnar tóttir." Ennfremur segir í örnefnaskrá: "Nú skulum við athuga hvað við sjáum nafnkennt uppi á hæðarhryggnum, sem liggur eftir austureyjunni frá vestri til austurs...Hæsti hóllinn er um 30 m yfir sjávarmál og nefnist Sjónarhóll... Austast á

hæðarhryggnum er Skothúshóllinn nokkuð lægri en sá fyrr nefndi. Suðvestan Sjónarhóls er Bjarghóllinn [sjá einnig 001 þar sem minnst er á hólana.] Sunnan aðalhryggjarins, og samhliða honum, koma tveir aðrir hryggir, kallaðir Balar, hærri og neðri ...Gengur míri á milli þerra frá vestri til austurs... Sunnan Balanna, er lítil undirlendisræma, þar sér fyrir húsatóttum og lendingu [057] í lítilli vík við sjóinn...Bæjarstæði suðaustan til á Hergilsey, þar mótast fyrir húsatóttum ...".

Suðaustantil á eyjunni, um 240 m austsuðaustur frá Hæstabæ (001) er þýft grasi gróið undirlendi. Þar er rústahóll og sést þar móta fyrir einni tóft sem talin hefur verið leifar þess Suðurbærjar sem hér um ræðir. Ekki er ljóst hvenær þessi Suðurbær fór í eyði en eftir að tvíbýlt varð á Neðstabæ/Rana var bæjarheitið gjarnan notað um syðra íbúðarhúsið þar.

Þýft grasi vaxið undirlendi, votlent á köflum. Tóftin er á smá hól eða hólrana og ekki verður betur séð en að hann sé að mestu leyti náttúrulegur. Tóftin er um 19x9m að stærð, tvískipt og



Uppdráttur af tóft 002

snýr austur-vestur. Vestara hólfið er 7x4m að innanmáli og snýr austur-vestur. Ekki er hægt að greina neitt op á því. Eystra hólfið er einnig 7x4m að innanmáli. Það snýr líka í austur vestur og er alveg opið til austurs, það er að segja þá er engin gafl á tóftinni til austurs. Helst má ætla að þar hafi verið timburgafl. Óljós dokk er fast vestan við hana sem mögulega gæti einnig verið rúst. Gerðir voru tveir

könnunarskurðir í tóftina til að freista þess að kanna aldur hennar. Í skurði I fundust leirkersbrot frá 18.-19. öld, sem herma við seinna búsetuskeiðið í Hergilsay. Hér að neðan er lýsing á könnunarholunum:

Skurður I

Hann var grafinn 3,5 m frá suðaustur skammhlið rústarinnar. Stærð hans er 1x3,2 m og var 0,2-0,4 m niður á klöpp. Í skurðinum var rótarlag, þá hreyfður jarðvegur með tveimur hornmáluðum leirkersbrotum sem eru talin frá 18-19. öld.

Skurður II

Hann var grafinn 2,3 m frá innri brún suðurveggjar. Stærð hans er 0,7m í norður-suður og 0,6 m í austur-vestur og var klöpp á um 0,4 m dýpi. Í skurðinum fundust nokkrir naglar auk lífrænna fituríkra jarðлага sem gætu t.d. Úrgangur frá dýrum og heyleifar en auk þess fundust nokkrir kolamolar. Þessi litli könnunarskurður gefur vísbendingar um að þarna hafi verið skepnhús en kolin voru það fá að telja má að þau geti hafa borist frá mannabústað í grenndinni.

Jarðlagaskipan var eftirfarandi í skurði II var eftirfarandi:

1. Rótarlag. Þykkt 10 cm.
2. Dökkbrúnt einsleitt lag með tveimur steinum. Þykkt 10 cm.
3. Brúngrænt, flekkótt lífrænt lag. Heyleifar? Þykkt 5 cm.
4. Gólflag? Fitukennt svartleitt lífrænt lag með kolamolul. Þykkt 3 cm.
5. Líkt jarðlagi 3 en fíngerðari jarðvegur og ekki eins mikið af heyleifum. Þykkt 10 cm.
6. Svarbrúnt lífrænt lag. Þykkt 3-4 cm.
7. Klöpp.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Hergilsey, 1, 4-5, 15 ; Eylenda, I, 231

BA-088:003 *Miðbær* bæjarhóll bústaður 65°26.016N 23°01.282V

"Miðja vegu milli þessarra tveggja bæja [Hæstabæjar, 001, og Neðstabæjar, 005], en þó norðar og nær Víkinni, eru að sögn rústir af gamla Miðbænum ...", segir í örnefnaskrá. Hergilsey var í eyði um nokkurra alda skeið áður en byggð hófst þar að nýju árið 1783 að undirlagi Eggerts Ólafssonar (sjá Eylenda I bls. 229). Á þessu seinna búsetuskeiði í voru



Á Miðbæ 003 var seinna byggt fjárhús og hlaða hér skráð sem 004. Horft til norðurs

yfirleitt 3 bæir í eyjunni og byggði Eggert Ólafsson bæ sinn (Hæstabæ 001) á svipuðum slóðum og bær Ingjaldar, sem sagt er frá í Gíslasögu, á að hafa staðið, við rætur Þverbrekku. Á sama tíma byggðu dóttir Eggerts, Guðrún "elsta" og fyrri maður hennar Þórólfur, sér bæ suðaustur á eyjunni sem nefndur var Suðurbær (skráður hér sem 002) og sonur hans Jón byggði sér bæ norðaustur af Hæstabæ sem ýmist var nefndur Rani eða

Neðstibær (skráður hér sem 005) (sjá Árbók Barðastrandasýslu 1952). Virðist Hæstibær þá stundum hafa gengið undir heitinu Miðbær (sjá örnefnaskrá) þar sem hann var á milli þessara tveggja bæja. Ekki er alveg ljóst hvenær bær Guðrúnar fór í eyði, en eftir að tvíbýlit varð á Neðstabæ/Rana var bæjarheitið Suðurbær eða Syðribær notað yfir syðra íbúðarhúsið þar. Var sá bær sem stóð á hinu gamla bæjarstæði Neðstibæjar/Rana gjarnan nefndur Norðurbær eftir það. Ekki er ljóst hversu lengi var búið í Miðbæ en fjárhús og hlaða voru byggð í rústum hans (skráð sem 004). Ekki sjást ummerki um Miðbæ þennan þar sem hann á að hafa staðið, en rústir fjárhússins og hlöðunnar sjást ennþá greinilega. Fjarlægð tóftanna norðvestur af Hæstabæ (001) er um 80 m. Miðbær er í túni sem nú er fallið í órækt.

Rústir Miðbæjarins ekki sjánlegar þar sem fjárhús og hlaða voru byggð ofan í þær.


Hættumat: engin hætta, vegna byggingar

Heimildir:Ö-Hergilsey, 1; Eylenda, I, 231; Árbók Barðastrandarsýslu 1952, 23-27

BA-088:004 tóft fjárhús 65°26.016N 23°01.282V

"Miðja vegu milli þessarra tveggja bæja [Hæstabæjar, 001, og Neðstabæjar, 005], en þó norðar og nær Víkinni, eru að sögn rústir af gamla Miðbænum ...", segir í örnefnaskrá.

Hergilsey var í eyði um nokkurra alda skeið áður en byggð hófst þar að nýju árið 1783 að undirlagi Eggerts Ólafssonar (sjá Eylenda I bls. 229). Á þessu seinna búsetuskeiði í voru yfirleitt 3 bæir í eyjunni og byggði Eggert Ólafsson bæ sinn (Hæstabæ) á svipuðum slóðum og bær Ingjaldar, sem sagt er frá í Gíslasögu, á að hafa staðið, við rætur Þverbrekku. Á sama tíma byggðu dóttir Eggerts, Guðrún "elsta" og fyrri maður hennar Guðmundur sér bæ suðaustur á eyjunni sem nefndur var Suðurbær (skráður hér sem 002) og sonur hans Jón byggði sér bæ norðaustur af Hæsta bæ sem ýmist var nefndur Rani eða Neðstibær (skráður hér sem 005) (sjá Árbók Barðastrandasýslu 1952). Virðist Hæstibær 001 þá stundum hafa



Uppdráttur af fjárhúsum og hlöðu 004

gengið undir heitinu Miðbær (sjá örnefnaskrá) þar sem hann var á milli þessara tveggja bæja. Bær Guðrúnar virðist hafa farið í eyði eftir hennar dag (eftir 1823; sjá Eylenda I), en annar bæir sem einnig var nefndur Suðurbær eða Syðribær var byggður fast sunnan við Neðstabæ/Rana. Var Neðstibær/Rani gjarnan nefndur Norðurbær eftir það. Á árunum 1865-1870 reisti Bergsveinn Þorsteinsson bæ, miðja vegu á milli Hæstabæjar og Neðstabæjar/Rana, sem nefndur var Miðbær (sjá örnefnaskrá). Ekki er ljóst hversu lengi var búið í Miðbæ en fjárhús og hlaða voru byggð í rústum hans (skráð sem 004). Ekki sjást ummerki um Miðbæ þennan þar sem hann á að hafa staðið, en rústir fjárhússins og hlöðnar sjást ennþá

greinilega. Fjarlægð norðvestur af Hæstabæ 001 er um 80 m. Tóftirnar er í túni sem nú er fallið í órækt. Rústin, sem er grjóthlaðin og snýr norðaustur-suðvestur, skiptist í tvö meginrými, hlöðu að suðvestanverðu og fjárhús að norðaustanverðu. Heildarstærð hennar er um 14 x 13 m en hleðsluhæð er líklega mest um 1 m. Byggingin virðist grafin inn í landið þar sem það hallar mót norðri að hluta og er suðvesturveggur hlöðunnar, sem er um 12 x 5 m að stærð og með stefnuna vestnorðvestur-austnorðaustur, bara með grjóthleðslur að innaverðu. Ekki er greinilegt dyraop á hlöðutóftinni en þó er mögulegt að dyr hafi verið á miðjum suðvesturvegg. Nettur grjótveggur skilur að hlöðuna og fjárhúsið. Í fjárhúsinu eru tveir grjóthlaðnir garðar sem ná frá hlöðunni að norðausturenda fjárhússins. Fjárhústóftin er opin í norðausturenda og

er mögulegt að grjóti hafi verið fjarlæggt þaðan, en þó er líklegra að timburgafl hafi verið á þessum enda hússins. Dálítil viðbygging eða útskot er á rústinni við austurhorn hennar og hefur ekki verið innangengt á milli hennar og fjárhússins. Er stærð útskotsins, sem er með stefnuna norðaustur-suðvestur, um um 7 x 4 m. Timburleifar og bárujárn eru á víð og dreif um rústina.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Hergilsey, 1; Eylenda, I, 231; Árbók Barðastrandarsýslu 1952, 23-27

BA-088:005 *Neðstibær* bæjarhóll bústaður 65°26.038N 23°01.331V

Í örnefnaskrá segir: "Um það bil 75 m norðvestur frá Hæstabæ 001 stendur Neðstibær, frá honum eru um 20 m norður í Sandinn 040 og álíka langt niður í Lónið 028 á hinn bóginn."




Neðstibær 005 og 006 ásamt smiðjutóft 007, horft til austurs

Hergilsey var í eyði um nokkurra alda skeið áður en byggð hófst þar að nýju árið 1783 að undirlagi Eggerts Ólafssonar (sjá Eylenda I bls. 229) Á þessu seinna búsetuskeiði í voru yfirleitt 3 bæir í eyjunni og byggði Eggert Ólafsson bæ sinn (Hæstabæ) á svipuðum slóðum og bær Ingjaldar, sem sagt er frá í Gíslasögu, á að hafa staðið, við rætur Þverbrekku. Á sama tíma byggðu dóttir Eggerts, Guðrún "elsta" og fyrri maður hennar

Þórólfur, sér bæ suðaustur á eyjunni sem nefndur var Suðurbær (skráður hér sem 002) og sonur hans Jón byggði sér bæ norðaustur af Hæstabæ 001 sem ýmist var nefndur Rani eða Neðstibær (skráður hér sem 005) (sjá Árbók Barðastrandarsýslu 1952). Virðist Hæstibær þá stundum hafa gengið undir heitinu Miðbær (sjá örnefnaskrá) þar sem hann var á milli þessara tveggja bæja. Ekki er alveg ljóst hvenær bær Guðrúnar fór í eyði en eftir að tvíbýlt varð á Neðstabæ/Rana var bæjarnafnið Suðurbær eða Syðribær notað yfir syðra íbúðarhúsið þar. Var Neðstibær/Rani gjarnan nefndur Norðurbær eftir það. Suðurbær/Syðribær 006 og Neðstibær/Rani/Norðurbær, stóðu þétt saman um 120 m norðvestur frá Hæstabæ 001 en ekki 75 m eins og sagt er í texta örnefnaskrár. Er í túni sem nú er fallið í órækt.

Norðurbær og Suðurbær voru því sem næst sambyggðir og stóðu þeir á nokkuð myndarlegum bæjarhól sem er um 30 x 26 m að stærð, austur-vestur. Hóllinn er brattastur að norðanverðu en rennur saman við túnið að sunnan og vestanverðu. Hæð hólsins að norðanverðu er um 3,0 m, um 1,5-2 m að austanverðu en um 0,5 m að sunnan- og vestanverðu (mjög aflíðand). Er



Uppdráttur af bæjarhól 005 og 006. Áfast bæjarhólnum er smiðja 007

ekki loku fyrir það skotið að eldri minjar kunni að leinast undir leifum yngstu húsanna sem á hólnum stóðu. Síðasta Íbúðarhúsið í Norðurbæ virðist hafa verið í tveimur hlutum. Vesturhluti hússins virðist hafa verið úr timbri og bárujárnri að mestu, með suður- og vesturvegg á steiptum sökkli, en mestur hluti norðurveggjar var þó grjóthlaðinn. Var um að ræða hæð og ris með kvisti sem vísaði í suður. Austurhluti hússins virðist hafa verið grjóthlaðinn með torfþaki (sbr. ljósmynd í Eylendu I). Allt timbur virðist hafa verið fjarlægð úr húsinu, en steypiti sökkullinn og grjóthlaðnir veggir þess sjást enn. Virðist

húsið hafa verið um 15 x 5 m að stærð með leguna austur-vestur. Hleðsluhæð grjóthlaðinna veggja er um 1,2 m. Steypdar undirstöður girðingar umhverfis kálgarð, um 9 x 9 m að stærð eru um 2 m sunnan við leifar Neðstabæjar. Suðurbær stóð fast austan við garðinn. Samkvæmt gamalli ljósmynd (sjá Eylenda I) virðist Suðurbær hafa verið nokkuð minni í sniðum en Neðstibær. Var húsið úr timbri, snéri norður-suður og skiptist í þrjá hluta. Var miðhlutinn með risi. Flatarmál hússins virðist hafa verið um 9 x 6 m. Dálítil tengibygging var á milli Suðurbæjar og Neðstabæjar, líklega um 2 x 2 m að stærð.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Hergilsey, 3; Eylenda, I, 229-231, 244

BA-088:006 *Neðstibær* bæjarstæði bústaður 65°26.034N 23°01.331V

Í örnefnaskrá segir: "Á árunum 1865-70 reisti Bergsveinn bóndi Þorkelsson í Hergilsey sinn Miðbæ 003 af sléttum velli rétt sunnan við Neðstabæ. Sá bæ var oft eftir 1910 kallaður Syðribær... . Ennfremur segir: Grjótflogulagnir." Suðaustur af Áskelsey (058) er Áskelseyjarklettur. "Kippkorn norður af [honum], og álíka "Um það bil 75 m norðvestur frá Hæstabæ 001 stendur Neðstibær, frá honum eru um 20 m norður í langt austur frá Sandey

[061], er lítill grashólmi, kallaður Æðarsker, þar er vorkópaveiði og kallast það Sandinn 040 og álfíka langt niður í Lónið 028 á hinn bóginn.". Hergilsey var í eyði um nokkurra alda skeið áður en byggð hófst þar að nýju árið 1783 að undirlagi Eggerts Ólafssonar (sjá Eylenda I bls. 229) Á þessu seinna búsetuskeiði í voru yfirleitt 3 bæir í eyjunni og byggði Eggert Ólafsson bæ sinn (Hæstabæ 001) á svipuðum slóðum og bær Ingjaldar, sem sagt er frá í Gíslasögu, á að hafa staðið, við rætur Þverbrekku. Á sama tíma byggðu dóttir Eggerts, Guðrún "elsta" og fyrri maður hennar Þórólfur, sér bæ suðaustur á eyjunni sem nefndur var Suðurbær (skráður hér sem 002) og sonur hans Jón byggði sér bæ norðaustur af Hæstabæ sem ýmist var nefndur Rani eða Neðstibær (skráður hér sem 005) (sjá Árbók Barðastrandasýslu 1952). Virðist Hæstibær 001 þá stundum hafa gengið undir heitinu Miðbær 003 (sjá örnefnaskrá) þar sem hann var á milli þessara tveggja bæja. Ekki er alveg ljóst hvenær bær Guðrúnar fór í eyði en eftir að tvíbýlt varð á Neðstabæ/Rana var bæjarnafnið Suðurbær eða Syðribær notað yfir syðra íbúðarhúsið þar. Var Neðstibær/Rani gjarnan nefndur Norðurbær eftir það. Suðurbær/Syðribær og Neðstibær/Rani/Norðurbær 005, stóðu þétt saman um 120 m norðvestur frá Hæstabæ 001 en ekki 75 m eins og sagt er í texta örnefnaskrár.

Er í túni sem nú er fallið í órækt.

Norðurbær og Suðurbær voru því sem næst sambyggðir og stóður þeir á nokkuð myndarlegum bæjarhól sem er um 30 x 26 m að stærð, austur-vestur. Hóllinn er brattastur að norðanverðu en rennur saman við túnið að sunnan og vestanverðu. Hæð hólsins að norðanverðu er um 3,0 m, um 1,5-2 m að austanverðu en um 0,5 m að sunnan- og vestanverðu (mjög aflíðand). Er ekki loka fyrir það skotið að eldri minjar kunni að leinast undir leifum yngstu húsanna sem á hólnum stóðu. Síðasta Íbúðarhúsið í Norðurbæ virðist hafa verið í tveimur hlutum. Vesturhluti hússins virðist hafa verið úr timbri og bárujárnri að mestu, með suður og vesturvegg á steiptum sökkli, en mestur hluti norðurveggjar var þó grjóthlaðinn. Var um að ræða hæð og ris með kvisti sem vísaði í suður. Austurhluti hússins virðist hafa verið grjóthlaðinn með torfþaki (sbr. ljósmynd í Eylendu I). Allt timbur virðist hafa verið fjarlæggt úr húsinu, en steipti sökkullinn og grjóthlaðnir veggir þess sjást enn. Virðist húsið hafa verið um 15 x 5 m að stærð með leguna austur-vestur. Hleðsluhæð grjóthlaðinna veggja er um 1,2 m. Steiptar undirstöður girðingar umhverfis kálgarðgarð, um 9 x 9 m að stærð eru um 2 m sunnan við leifar Neðstabæjar. Suðurbær stóð fast austan við garðinn. Samkvæmt gamalli ljósmynd (sjá Eylenda I) virðist Suðurbær hafa verið nokkuð minni í sniðum en Neðstibær. Var húsið úr timbri, snéri norður-suður og skiptist í þrjá hluta. Var miðhlutinn með risi. Flatarmál hússins virðist hafa verið um 9 x 6 m. Dálítil tengibygging var á milli Suðurbæjar og Neðstabæjar, líklega um 2 x 2 m að stærð.

Heimildir:Ö-Hergilsey, 1, 3; Eylenda, I, 229-231, 244

BA-088:007 tóft smiðja

65°26.038N 23°01.311V

Smiðja var sambyggð Neðstabæ/Rana/Norðurbæ 005 og Suðurbæ 006 að austanverðu. Tilheyrði hún Suðurbæ og sést tóft hennar vel.

Er í túni sem nú er fallið í órækt.

Smiðjan virðist hafa verið um 9 x 5 m að stærð með stefnuna austur-vestur. Norður- austur- og vesturveggir- voru grjóthlaðnir að mestu en suðurveggur þakið og efsti hluti hinna veggjanna voru úr timbri. (sjá ljósmynd í Eylendu I). Hleðsluhæð grjóthleðslna er mest um 1m.

Heimildir:Eylenda, I, 227-228.

BA-088:008 tóft fjárhús

65°26.069N 23°01.325V


Á honum [Litlarana, sem er austan við Stórarana, sjá 030] er slétt flöt, góður þurrkvöllur fyrir



Tóft 008, horft til norðausturs

hey, heitir Hjallabali, þar standa fjárhús og heyhlaða, sem tilheyra Neðstabæ 005.", segir í örnefnaskrá. Rústir mestu, miklu lægri og mun minni. Þar var byggðin og túnið." Eylenda, I, 229-230. "Heimaeyjan í Hergilsey fjárhússins og hlöðunnar á Hjallabala eru um 50 m norður frá rústum Neðstabæjar og Suðurbæjar 006. Í þýfðu óræktartúni, á sjávarkambinum.

Um er að ræða röð tengdra grjóthlaðinna mannvirkja. Vestast er fjárhústóftin sem er um 11 x 7,5 m að stærð með hleðsluhæð mest um 1,5 m. Fjárhústóftin skiptist í tvo hluta. Meginhlutinn sem er að austanverðu, er um 11 x 6 m að stærð og skiptir hlaðinn garði, með steyptri plötu og steypu baði, honum í tvennt eftir endilöngu. Vestari hluti tóftarinnar er eins og útskot frá eystri hlutanum, og er hann um 9 x 1,5 m að stærð. Skilur lágur grjóthlaðinn veggur á milli. Austur þétt af suðausturhorni fjárhústóftarinnar er sporöskjulaga grjóthlaðin votheysgryfja sem er um 4 x 3 m að stærð og um 0,6 m að dýpt. Að sögn Guðbrands Þórðarsonar sem er fæddur og uppalinn í Hergilsey, voru gerðar nokkrar grjóthlaðnar votheysgryfjur í eyjunni. Þær reyndust þó ekki vel sökum þess hversu illa þéttar þær voru. Þétt austan við votheysgryfjuna er svo tóft hlöðunnar. Hún er um 17 x 6 m að stærð og skiptir grjóthlaðinn veggur henni í tvo jafna hluta. Að sögn



Uppdráttur af fjárhúsi 008

Guðbrands tilheyrði vestari hlutinn Neðstabæ/Norðurbæ, en eystri hlutinn Suðurbæ. Mesta hleðsluhæð hlöðutóftarinnar er um 1,5 m. Um 2,5 m austur frá suðausturhorni hlöðunnar er svo önnur grjóthlaðin votheysgryfja, sem einnig er sporöskjulaga, um 4 x 2 m að stærð og um 0,6 m á dýpt.

Heimildir:Ö-Hergilsey, 1


BA-088:009 tóft fjós

65°26.002N 23°01.329V

"Vestur frá bænum [Hæstabæ, 001] er allhár hóll grasi gróinn sem túnið, heitir hann Kríuhóll." segir í örnefnaskrá. Rústir fjóss með hlöðu sem tilheyrði Neðstabæ/Norðurbæ 006



Tóft 009, horft til norðurs



Uppdráttur af tóft 009

eru undir norðanverðum eru rúmlega 30." Eylenda, I, 230. "Hrjóstrug er hún [Hergilsey] og norðanvert urðir og klettur, en austan og Kríuhól, um 80 m norðvestur af rústum Hæstabæjar 001. Dálítill grjóthlaðin votheysgryfja er um 2 m sunnan til eru blágrýtisklettur af stuðlabergi, og á henni vestanverðri, er bjarg 10 faðma hátt [Vaðsteinabjarg], suðvestur frá suðvesturhorni fjóssins, er hún skráð sem 043. Í þýfðu óræktartúni við rætur hólrana.

Tóftin, sem er um 13 x 9 m að stærð, skiptist í þrjá hluta. Sjálf fjóstóftin er um 7 x 6 m að stærð og snýr austur-austurvestur. Dyr eru á miðjum norðurvegg og þar fyrir utan dálítið fordyri sem er um 5 x 2 m að stærð, með stefnuna austur-vestur. Dyr virðast hafa verið á

vestur- og austurenda fordyrisins. Hlöðutóftin, sem er um 9 x 6 m að stærð, er sambyggð fjósinu að austanverðu. Er hún byggð þvert á fjósið og því með stefnuna norður-suður. Leifar úr þekju úr torfi og timbri eru áberandi í hlöðunni og fjósinu. Hleðsluhæð veggja er mest um 1,5 m.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Hergilsey, 2

BA-088:010 tóft óþekkt

65°25.987N 23°01.247V

Grjóthlaðin tóft útihúss er um 9 m norðvestur af rúst Hæstabæjar 001 og sambyggð henni, að norðanverðu, er grjóthlaðin tóft eftir fiskihjall sem skráður er sem 011. Ekki er ljóst hver hlutverk hússins hefur verið. Er í túni sem nú er fallið í órækt.



Tóftir 010 og 011, horft til norðurs

Tóftin, sem liggur austur-vestur, er um 8 x 7 m að stærð og er hleðsluhæðin um 1,5 m. Dyr virðast hafa verið austast á suðurlangvegg en tóftin er einnig opin að vestanverðu og er líklegt að þar hafi verið timburgafl. Leifar þakjárns má sjá hér og þar í rústinni en engar leifar innviða. Að sögn Guðbrands Þórðarsonar sem fæddur er og uppalinn í Hergilsey, var nokkuð um að timbur hafi verið hirt úr húsum í eyjunni, eftir að hún fór í eyði, og endurnýtt í Flatey. Skýrir það sennilega vöntun á timburleifum í tóftinni.


Hættumat: engin hætta

Heimildir:Túnakort um 1920

BA-088:011 tóft hjallur

65°25.990N 23°01.255V

Grjóthlaðinn tóft eftir hjall er sambyggð tóft 010 að norðanverðu.



Uppdráttur af tóftum 010 og 011

Er í túni sem nú er fallið í órækt.

Tóftin, sem er með stefnuna austur-vestur, er um 8 x 3 m að stærð. Tóftin deilir suðurveggnum með tóft 010 og er hún opin í austur- og vesturenda. Um 2 m breiðar dyr eru austarlega á norðurvegg. Grjóthlaðinn veggur, í lægri kanntinum (um 0,3 m), sem liggur norður-suður skiptir rústinni í tvo jafnstóra hluta og virðist sem dyr hafi verið út við norðurlangvegginn. Hjallurinn og bygging 010 sem hann var sambyggður, sjást á ljósmynd af Hæstabæ 001 frá 1937 (Eylenda I). Hjallurinn er að vísu í hvarfi frá byggingu 010, en þó sést að stafnar hans hafa vísað norður suður og að sá hluti hans sem var undir þaki hefur einungis náð yfir vesturhelming tóftarinnar sem enn sést. Virðist sem sá hluti hjallsins, sem var undir þekju, hafi verið úr timbri og veggjarbrotið sem skiptir tóftinni í tvennt hafi verið undirstöður undir austurlangvegg hans. Austurhelmingur tóftarinnar virðist því hafa verið eins konar port fyrir framan hjallinn.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort um 1920; Eylenda, I, 230

BA-088:012 tóft óþekkt

65°25.992N 23°01.237V

Tóft er um 6 m austur af tóft 010 og hjalli 011. Ekki er ljóst hvert hlutverk þessarar byggingar hefur verið en Guðbrandur Þórðarson sem er fæddur og uppalinn í Hergilsey segir að þarna



Tóft 012 013, horft til norðurs

hafi verið kofi sem tilheyrði Hæstabæ 001. Kálgarður sem skráður er sem 013 er sambyggður tóftinni að austanverðu.

Er í túni sem nú er fallið í órækt.

Tóftin er um 9 x 9 m að stærð og er hleðsluhæð hennar mest um 1 m. Skiptist hún í tvö hólf.

Sunnanmegin í henni er hólf sem er um 9 x 5 m að stærð með stefnuna austur-vestur. Er það opið að sunnanverðu og eru austur og vestur veggir hennar fremur lágir, einkum syðst þar


sem þeir ná mest um 0,3 m í hæð. Á ljósmynd frá 1937 (Eylenda I), sést að timburhús á einni hæð virðist hafa verið í þessari tóft. Norðanmegin í tóftinni er annað hólf öllu minna sem er um 4 x 4 m að stærð og nær hleðsluhæð veggja þess mest um 1 m. Dyr virðast hafa verið austarlega á norðurvegg þess. Á ljósmyndinni sem minnst var á hér að framan sést að timburþekja með timburgöflum hefur verið yfir þessum hluta tóftarinnar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Túnakort um 1920; Eylenda, I, 230

BA-088:013 tóft kálgarður

65°25.992N 23°01.237V



Kálgarðstóft er sambyggð tóft 012 að austanverðu.

Er í túni sem nú er fallið í órækt.

Kálgarðstóftin er um 15 x 6 m að stærð og er hleðsluhæð veggja mest um 0,5 m. Kálgarðurinn snýr norður-suður og er hann opinn í suðurenda.

Hættumat: engin hætta


Heimildir:Túnakort um 1920

Uppdráttur af tóft 012 og kálgarði 013

BA-088:014 tóft fjós

65°26.042N 23°01.228V

Tóft eftir fjós sem tilheyrði Syðribæ/Suðurbæ 006 er um 30 m austnorðaustur frá smíðahúsinu (007)sem var sambyggt Syðribæ/Suðurbæ og Neðstabæ/Norðurbæ 005 að austanverðu.



Uppdráttur af fjóstóft 014

Tóft 014, horft til norðvesturs

Tóftin er í óræktuðu túni fremst á sjávarkambi. Tóftin sem liggur norðaustur-suðvestur, er um 8 x 6 m að stærð og er hleðsluhæð hennar mest um 1,3 m. Dyr eru norðaustast á austsuðausturvegg og gegnur grjóthlaðinn veggur, um 8 m langur til austsuðausturs frá þeim, einskona aðhald. Er veggurinn jafnframt hluti af kálgarði sem var austsuðaustan við fjósið. Er þessi veggur eina hleðslan í kálgarðinum sem er í dálitlum halla og hefur honum líklega einnig verið ætlað að hefta skrið á jarðvegi úr garðinum. Er kálgarðurinn ekki skráður

sérstaklega.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Túnakort um 1920

BA-088:015 tóft kálgarður

65°25.975N 23°01.251V

Kálgarðstóft er um 2-3 m suvestan við rústir Hæstabæjar 001.



Tóft 015, horft til vesturs

Í óræktuðu túni. Suðvestan við kálgarðin er mýrarsund sem nær fram á sjávarbakka.

Kálgarðurinn, sem er grjóthlaðinn, er um 16 x 15 m að stærð og snýr NA-SV. Hallar honum nokkuð mót suðvestri. Dyr eða hlið hefur verið austnordáustarlega á norðausturvegnum. Hleðsluhæð er mest um 0,6 m.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Túnakort um 1920

BA-088:016 tóft óþekkt


65°25.949N 23°01.255V

Tóft er við rætur Þverbrekku (sjá umfjöllun í 001) um 50 m suðvestur frá rústum Hæstabæjar 001. Ekki er vitað hvert hlutverk þessa mannvirkis hefur verið.



Tóft 016, horft til austurs

Fast norðanundir holti (Þverbrekku). Norðan við tóftina er hálfþornuð mýri. Tóftin er um 11 x 4,5 m að stærð með stefnuna norðaustur-suðvestur (samhliða brekkunni). Veggjarbrot liggur um þvera tóftina og skiptir henni í nokkurn vegin tvo jafna hluta. Dyr eru á vestnordvesturvegg fast suðvestan við veggjabrotið. Hleðsluhæð er mest um 1,7 m og er þar um að ræða 5 norðaustustu metrana á veggnum sem liggur upp við brekkuna (suðausturveggur). Annars er hleðsluhæðin um 0,4 m. Þar sem hleðsluhæðin er mest á



Uppdráttur af tóft 016

suðausturveggnum eru um 6-8 umför af hleðslugrjóti, annars eru veggir tóftarinnar yfirleitt 1-2 umför.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Túnakort um 1920

BA-088:017 lind brunnur

65°25.946N 23°01.274V

Brunnur er um 10 m vestsuðvestur frá tóft 016. Í hálfþornaðri mýri við brekkurætur.



Brunnurinn sem er hringlaga, er um 1,5 m í þvermál og um 1m að dýpt að vatnsborði. Hann er grjóthlaðinn og eru um 3-4 umför af hleðslugrjóti sjáanleg frá efribrún að vatnsborði.

Hættumat: engin hætta

Séð ofan í brunn 017, horft til suðausturs

BA-088:018 garðlag áveita

65°25.937N 23°01.289V



Garðlag er um 80 m suðvestur frá Hæstabæ 001 og um 20 m suðvestur af brunni 017.

Grasi vaxið, flatt mýrlendi.

Garðlagið, sem er grjóthlaðið, er um 16 m á lengd og um 1 m á breidd. Hleðsluhæð er mest um 0,5 og er nokkuð farið að gróa yfir grjótið að norðvestanverðu. Meginhluti garðlagsins liggur austur-vestur um 13 m en vinkilbeygja er á norðvesturendanum og liggur garðlagið eftir það um 3 m til suðurs. Garðlagið er sennilega áveita.

Hættumat: engin hætta

Garðlag 018, horft til vesturs

BA-088:019 garðlag áveita

65°25.929N 23°01.310V

Garðlag er á sjavarkambi, um 20 m vestsuðvestur af garðlagi 018. Garðlagið er á sjavarkambi. Austan við hann er hálfþornuð mýri. Garðlagið liggur eftir sjavarkambi til

norðvestur frá Þverbrekku (sjá 018) um 19 m. Fyrstu 9 m frá Þverbrekku virðist hann



Garðlag 019, horft til vesturs

eingöngu vera úr grjóti en eftir það hverfur grjótið og garðlagið virðist vera úr torfi eftir það, þótt ekki sé loku fyrir það skotið að hleðslugrjót hafi einfaldlega sokkið í mýrina. Virðist sem garðlaginu hafi verið ætlað að halda vatni í mýrinni og er mögulegt að það hafi tengst garðlagi 018. Garðlagið er um 1 m á breidd og er hleðsluhæð mest um 0,3 m.

Hættumat: engin hætta

BA-088:020 tóft óþekkt

65°25.960N 23°01.226V


Tóft er við rætur Þverbrekku (sjá umfjöllun við 001) um 30 m suðaustur frá Hæstabæ 001. Ekki er ljóst hvert hlutverk þessa mannvirkis hefur verið.

Við brekkurætur í grasivöxnu hálfþornuðu mýrlendi.

Tóftin, sem er einföld, er um 5 x 4 m að stærð með stefnuna austur-vestur. Tóftin er að hluta



Tóft 020, horft til suðausturs



Uppdráttur af tóft 020

til grafin inn í brekkuna og standa hleðslur nokkuð vel, einkum þó í austurendanum sem veit að brekkunni, þar sem þær ná mest um 1,4 m hæð. Annars er hleðsluhæð yfirleitt um 1,1 m. Tóftin er opin í vesturenda.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort um 1920


BA-088:021 tóft fjós

65°25.970N 23°01.301V

"Vestur frá bænum [Hæstabæ, 001] er allhár hóll grasi gróinn sem túnið, heitir hann Kríuhóll." segir í örnefnaskrá. Rústir fjóss sem tilheyrði Hæstabæ 001eru um 40 m



Tóft 021, horft til suðurs



Uppdráttur af tóft 021

veststuðvestur frá rústum bæjarins við sunnanverðan Kríuhól.

Grösug brekka.

Tóftin sem snýr norðaustur-suðvestur, er um 15 x 12 m að stærð og skiptist í tvö hólf. Norðaustanvert er hólf sem er um 8 x 5 m að stærð með stefnuna austur (austsuðaustur)-vestur með dyr suðvestarlega á austurvegg. Veggir eru grjóthlaðnir og standa þeir nokkuð

vel. Ná þeir mest um 1,3 m hæð og er um að ræða um 8 umför af hleðslurgrjóti. Suðvestanvert er hólf sem er um 12 x 10 m að stærð, með sömu stefnu og hólfid að framan. Vestnorðvesturveggur og norðausturveggur, sem einnig er suðvesturveggur fyrrnefnda hólfins, eru nokkuð vel upp hlaðnir og ná þeir mest um 0,6 m hæð. Suðvestur- og austsuðausturveggirnir eru aftur á móti fremur lágir og hafa þeir ekki innri kannt. Virðist sem þeir hafi verið sökklar eða undirstöður undir timburveggi. Torfveggur gengur til suðvesturs frá suðurhorni síðarnefnda hólfins. Er hann um 10 m á lengd og mögulegt að hann hafi

verið aðhald við fjósið.

Hættumat: engin hættu

Heimildir:Túnakort um 1920; Ö-Hergilsey, 2


BA-088:022 tóft fjárhús

65°25.960N 23°01.366V

Vaðsteinabjarg er suðvestanvert á Hergilsey. Í örnefnaskrá segir: "En þar niður við sjóinn er malarvík, framhald til vesturs af víkinni undir bjarginu vestanverðu. Fyrir vestan þessa



Tóft 022, horft til norðurs



Uppdráttur af fjárhústóft 022

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort um 1920; Ö-Hergilsey, 3; Eylenda, I, 228

BA-088:023 tóft kálgarður

65°25.983N 23°01.185V

Kálgarðstóft er um 40 m austnorðaustur af rústum Hæstabæjar 001við rætur Þverbrekku.

malarvík, er frekar lágt berg kallað Skarfabjarg og upp af því í túninu Fagrabrekka, þar nálægt eru fjárhús frá Hæstabæ 001." Rústir fjárhússins eru um 50 m vestsuðvestur frá Hæstabæ og um 50 m í sömu stefnu frá rústum fjóssins sem skráðar eru sem 021, vestsuðvestanvert í Kríuhól.

Í grasivaxinni brekku skammt frá sjávarbakka. Tóftin sem er grjóthlaðin, er um 17 x 7 m að stærð og snýr norður-suður. Er hleðsluhæð mest um 1,1 m. Skiptist tóftin, í megindráttum, í tvennt og er sjálft fjárhúsið að sunnanverður en hlöðutóft að norðanverðu. Fjárhústóftin er um 12 x 8 m að stærð með stefnuna norður-suður. Grjóthlaðin garði skiptir fjárhúsinu, eftir endilöngu, í tvo jafna hluta. Er hann um 8 m að lengd og samfastur norðurvegg tóftarinnar. Veggstubbur er þvert á garðann við suðurendann og virðast hafa verið dyr við vestur- og austurenda hans. Fordyri hefur líklega verið syðst í fjárhúsinu sem virðist hafa verið með timburgafla þar sem suðurvegginn vantar á tóftina. Hlöðutóftin er um 7x 5 m að stærð, með stefnuna austur-vestur. Hlöðutóftin er mynduð af norðurvegg og suðurvegg, sem hún deilir með fjárhústóftinni, en austur- og vesturveggi vantar alveg sem bendir til þess að þar hafi verið timburgaflar.

Kofarúst, sem skráð er sem 024, er sambyggð kálgarðinum að austanverðu.

Í brekkurótum í þýfðu óræktartúni sem lækkar aflíðandi til norðurs.



Kálgarður 023 og tóft 024, horft til norðvesturs


Kálgarðstóftin sem liggur austur-vestur, er um 18 x 12 m að stærð og er hleðsluhæð veggja, sem eru grjóthlaðnir, mest um 0,5 m. Þverbrekka myndar suður-langhlið hennar. Mögulegt er að hlið hafi verið inn í kálgarðinn, austast á norðurlangvegg.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort um 1920

BA-088:024 tóft óþekkt

65°25.987N 23°01.177V



Uppdráttur af kálgarði 023 og tóft 024

Kofatóft er sambyggð kálgarðstóft 023 að austan verðu, nánar tiltekið við norðausturhornið. Ekki er ljóst hvert hlutverk kofans hefur verið.

Í brekkurótum í þýfðu óræktartúni sem lækkar aflíðandi til norðurs.

Tóftin er um 7 x 4 m að stærð með stefnuna norður-suður og hleðsluhæð mest um 1 m. Upphlaðin jata/garði er meðfram innanverðum vesturlangvegg, en einnig má sjá leifar þekju úr timbri og bárujárnri, hér og hvar í tóftinni.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort um 1920

BA-088:025 gryfja óþekkt

65°25.983N 23°01.120V

Dálítil hola sem virðist grjóthlaðin að innanverðu er uppi á brún Þverbrekku (sjá umfjöllun 001), um 40 m austur frá kálgarði 023 og tóft 024 sem er sambyggð honum.

Grasi gróið stuðlabergsholt

Holan er um 1,5 m á lengd og um 0,4 m á breidd með stefnuna austur-vestur. Dýpt hennar er um 0,3 m.

Hættumat: engin hætta

BA-088:026 tóft lambhús

65°26.088N 23°01.131V

Lambhústóft, sem tilheyrði Hæstabæ, 001 er við rætur Þverbrekku (sjá umfjöllun um 001) um 50 m norðaustur frá kálgarði 023 og kofatóft 024 sem er sambyggð honum. Fjarlægð



Tóft 026, horft til norðvesturs

austnord-austur frá rústum Hæstabæjar 001 er um 100 m.

Við brekkurætur efst í óræktuðu túni.

Tóftin er um 12 x 8 m að stærð og snýr norður- suður. Hún er grjóthlaðin og er

hleðsluhæð veggja mest um 1,6 m. Garði skiptir tóftinni í tvo jafna hluta eftir endilöngu og nær hann á milli norður og suðurveggjar. Dyr virðast hafa verið inn í hvorn hluta við austur- og versturenda suðurveggjar. Austur- og vesturveggir tóftarinnar ná örlítið lengra til norðurs en suðurveggurinn og er mögulegt að þar hafi verið fordyri með timburgafli.

Hættumat: engin hætta

BA-088:027 Suðurnös heimild um lendingu


65°26.028N 23°01.365V

"Vestur af Neðstabæ [006] gengur klettanes út í sjóinn, heitir Suðurnös.", segir í örnefnaskrá. Suðurnös er nánast beint vestur af Neðstabæ (sjá 005 og 006)..

Klettótt strönd.

"Þar er oft lent í norðanátt einkum þá komið er sunnan að eyjunni.", segir í örnefnaskrá.

Hættumat: engin hætta



Uppdráttur af lambhúsi 026

Heimildir:Ö-Hergilsey, 1

BA-088:028 *Lónið* heimild um lendingu 65°26.048N 23°01.391V

"Fyrir vestan Suðurnsö 027 er lítil gjá kölluð Skvompa. Þá kemur Lónið, það er vogur, sem liggur milli Suðurnsöar að austan og Vesturnsöar að vestan.", segir í örnefnaskrá. Texti örnefnaskrár er nokkuð villandi hvað varðar innbyrðis afstöðu þeirra örnefna sem þar eru nefnd. Fyrst skal nefna að Skvompa er ekki vestan við Suðurnsö, heldur norðan við hana. Vesturnsö er norðvestur af Skvompu og eru vesturmörk Lónsins á milli vestasta odda Suðurnsöar og Vesturnsöar.

Klettótt strönd

"Þessi litli vogur myndast um hálfvallinn sjó, þá er gott að lenda þarna í ládeyðu, enda má setja upp báta á þessum stað og er mjög heppilegt, því beztu hrognkelsaveiðin (einkum rauðmaga) í Hergilsey er í vikinni þar fram undan.", segir í örnefnaskrá.

Hættumat: engin hættu

Heimildir:Ö-Hergilsey, 1

BA-088:029 *Álfakirkja* þjóðsaga huldufólksbústaður 65°26.099N 23°01.495V

"Norðvestanvert í Stórarana [sem er vestasti hluti Hergilseyjar] er gjá og við hana öðrum megin, er stuðlabergsklakkur, heitir hann Álfakirkja eða Tröllakirkja. Gjáin sem um ræðir gengur frá norðri til suðurs inn í Stórarana að norðaustanverðu.. Er Álfakirkja vestanmegin við gjána.

Klettótt, þverhnípt strönd.

Hættumat: engin hættu

Heimildir:Ö-Hergilsey, 1

BA-088:030 *Ranavör* heimild um lendingu 65°26.077N 23°01.372V

"Stórirani er vestasti hluti Hergilseyjar, út í hann liggur lágt og frekar mjótt grasigróið eiði, nefnt Ranarif. Norðan við Ranarif er lending, Ranavör kölluð.", segir í örnefnaskrá. Ranarif liggur á milli Stórarana í vestri og Litlarana í austri. Gengur ranavör inn í mitt Ranarif að norðanverðu.

Vör í malarrif.

"Ranavörin ... er oft kölluð Norðurvör.", segir í örnefnaskrá.

Hættumat: engin hættu

Heimildir:Ö-Hergilsey, 1-2 og 13

BA-088:031 *Hafnarsund* heimild um leið

65°26.114N 23°01.174V

Hafnarsund er sund á milli Hafnar, sem er hólmi norðaustanvert á Hergilsey, og Litlarana, sem er austan við Stórarana, sjá 030. Hafnarsund er "...mjótt sund, sem þornar um fjörur ... og algeng bátaleið um hásjávað", segir í örnefnaskrá. Í Árbók Barðastrandarsýslu er Höfn nefnd Háfn. Hægt er að ganga þurrum fótum á fjöru frá Litlarana út í Höfn.

Grjótrif sem fer á kaf á flóði.

Hættumat: engin hættu

Heimildir:Ö-Hergilsey, 2; Eylenda, I, 228; Kort A; Árbók Barðastrandarsýslu 1952, 23

BA-088:032 *Hjallabali* tóftaþyrping hjallur

65°26.085N 23°01.269V

"Frekar mjótt og fallett nes liggur norðaustur frá Ranarífi og inn að Hafnarsundi, kallast það Litlirani (sjá einnig 031). Á honum er slétt flöt, góður þurkvöllur fyrir hey, heitir Hjallabali...Líklega hafa staðið þarna fiskihjallar í gamla daga," segir í örnefnaskrá. Á flötinni má greina óljósar leifar af undirstöðum sem hlaðnar hafa verið undir fiskhjalla og grjótlagt plan sem mögulega hefur verið þurkkreitir. Tóftaþyrpingin er á vallgrónu malarífi.



Hjallabali 032, horft til vesturs

Minjastaðurinn á Hjallabala er ógreinilegur en telja má a.m.k. átta mannvirki sjáist á yfirborði og vel hugsast að fleiri leynist undir sverði. Tóftaþyrpingin sem hægt er að greina samanstendur af misgrunnum dældum og hrundum grjóthleðslum. Í umfjölluninni hér að neðan verður hverri fornleif gefin bókstafur frá A-H til þess að auðvelda alla umfjöllun.

Tóftaþyrpingin er á svæði sem er um 50x12m að stærð og snýr austnorðaustur og

vestsuðvestur. Vestast í tóftaþyrpingunni er dæld A. Hún er um 12 x 6 m að stærð og snýr suðvestur og norðaustur. Grjóthleðslur eru meðfram hliðum hennar en síðan er óregluleg grjótdreif inn í sjálfri dældinni. Mögulega er um að ræða undirstöður fiskhjalla. Samsíða norðausturgafli dældar A er grjóthrun B sem ekki er ljóst hvort tilheyrir hafi hólfi A. Það er um 6m á lengd og snýr í norðvestur og suðaustur. Austan við grjóthleðslu B er dæld D, hún er 4x2m að innanmáli og snýr norðnorðvestur og suðsuðaustur. Í botninum á dæld D er grjót á víð og dreyf. Norðaustan við D er dæld E. Hún er 5x4m að innanmáli og snýr suðvestur og norðaustur. Norðaustur af E er dæld G. Dæld G er um 9x4m að innanmáli og snýr norðaustur

og suðvestur. Norðnorðvestan við E er dæld C. Dæld C er 5x2m að innanmáli og snýr norðnorðaustur og suðsuðvestur. Í botninum á dæld C er grjót á víð og dreyf sem gæti verið úr hruninni hleðslu. Norðaustan við C og norðvestan við G er dæld F. Dæld F er 11x6m að innanmáli og snýr norðaustur og suðvestur. Austast er svo dæld H. Hún er um 11x6m að innanmáli og snýr svo til í vestur og austur.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Hergilsey, 2

BA-088:033 *Hjallasker* heimild um lendingu 65°26.040N 23°01.295V



Hjallasker 033, horft til austurs

"Hjallasker heitir lág klettagirðing eða sker norðan Ranavara 030, við þau má lenda á stöku stöðum, þegar hæfilega er sjávað.", segir í örnefnaskrá. Hjallasker draga nafn sitt mjög líklega af Hjallabala 032. Skerin eru norðan klappanna á Hjallaföt. Ekkert sér til minja. Hnitið var tekið ofarlega í fjörinni.

Á skerjunum er mikill um þanggróður.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Hergilsey, 2

BA-088:034 hleðsla lending 65°26.060N 23°01.312V

Við aðallendinguna á Sandi 040 eru leifar af hleðslu sem hafa verið hlaðnar sem undirstaða fyrir bátaspil. Hleðslan er um 13m norðvestan við naust 092 og um 20m suðaustan við fjárhús 008.

Heðslan er á grasigrónum sjávarbakka.

Hleðslan er nokkuð sigin, um 1x0,5m að stærð og snýr vestur-austur.

Hættumat: engin hætta

BA-088:035 *Grásleppusund* heimild um leið

Í örnefnaskrá segir um Grásleppusund og Leiðarsund 036 í Víkinni: "Suðaustan Hafnar [sem er hólmi noraustanvert við Hergilsey] og Litlarana [sjá, 031] liggur breiður og mikill vogur, er Bæjarvík heitir, en í daglegu tali alltaf kölluð Víkin...Í mynni Víkurinnar er sker, sem Grásleppa heitir og fer í kaf um hálfallið, en varnar þó brimi og sjávarólgu að komast inn á skipaleguna. Leiðin inn á Víkina liggur um sundin báðum megin Grásleppunnar...Heitir

nyrðra sundið, sem er nær Höfninni, Grásleppusund en hið syðra, nær Hróaldsey, heitir Leiðarsund 036."

Heimildir:Ö-Hergilsey, 2; Eylenda, I, 228

BA-088:036 *Leiðarsund* heimild um leið

Í örnefnaskrá segir um Grásleppusund 035 og Leiðarsund í Víkinni: "Suðaustan Hafnar [sem er hólmi noraustanvert við Hergilsey] og Litlarana [sjá, 031] liggur breiður og mikill vogur, er Bæjarvík heitir, en í daglegu tali alltaf kölluð Víkin...Í mynni Víkurinnar er sker, sem Grásleppa heitir og fer í kaf um hálfallið, en varnar þó brimi og sjávarólgu að komast inn á skipaleguna. Leiðin inn á Víkina liggur um sundin báðum megin Grásleppunnar...Heitir nyrðra sundið, sem er nær Höfninni, Grásleppusund 035 en hið syðra, nær Hróaldsey, heitir Leiðarsund."

Heimildir:Ö-Hergilsey, 2; Eylenda, I, 228

BA-088:037 *Ranabryggja* heimild um lendingu 65°26.085N 23°01.218V

"Nú skal getið helztu lendingastaða við Víkina [sjá m.a. Umfjöllun 035 og 036]. Næst Hafnarsundinu 031 er Ranabryggja ...", segir í örnefnaskrá.

Hlaðin bryggja í norðanverðri Bæjarvík austarlega. Bryggjan er hlaðin fram múr klöpp og er á sendnum vogsbotninum. Hún er um það bil 20 metrar á lengd og 2,5 metrar á breidd. Hæð hennar er um það bil 0,5 metrar.

Heimildir:Ö-Hergilsey, 2; Árbók Barðastrandarsýslu 1952, 27

BA-088:038 *Ranasteinn* heimild um lendingu 65°26.083N 23°01.258V

"Nú skal getið helztu lendingastaða við Víkina. Næst Hafnarsundinu 031 er Ranabryggja 037, þá Ranasteinn ...", segir í örnefnaskrá.

Staðsetning á Ranastein er óþekkt og engin áberandi steinn líklegur fremur en annar. Hnit var tekið milli Ranabryggju 037 og Bryggju 039.

Heimildir:Ö-Hergilsey, 2

BA-088:039 *Bryggjan* heimild um lendingu 65°26.065N 23°01.283V

"Nú skal getið helztu lendingastaða við Víkina. Næst Hafnarsundinu 031 er Ranabryggja 037, þá Ranasteinn 038, svo Bryggjan næst botni Víkurinnar ...", segir í örnefnaskrá. Bryggjan er um 25m norðaustan við naust 092, um 60m norðaustan við bæjarhól Neðstabæjar 005/006 og um 160-170m norðan við Hæstabæ 001.



Bryggjan 039, horft til austurs

Nokkuð grýtt fjara, þó ekki stórgrýtt.

Bryggjan er að stórum hluta einföld steinaröð sem liggur frá norðaustri til vest-suðvesturs. Grófir steinar eru í fjörunni norðan hleðslunnar en sunnan við hleðsluna verður fjaran mun sendnari. Bryggjan er um 10m á lengd og sennilega ekki mikið meira er 40-50cm á hæð.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir:Ö-Hergilsey, 2

BA-088:040 *Sandur* heimild um landingu 65°26.058N 23°01.285V

Í örnefnaskrá segir: „Suðaustan Hafnar [sem er hólmi norðaustanvert við Hergilsey] og Litlarana [sjá, 031] liggur breiður og mikill vogur, er Bæjarvík heitir, en í daglegu tali alltaf kölluð Víkin. Þar er örugg bátalega þótt grunn sé og útfiri mikið. Víkinni skýla, auk Hafnarinnar og Litlarana [sjá, 31-32], sjálf Hergilsey og Hróaldsey [sem er fyrir austan Hergilsey]. Í mynni Víkurinnar er sker, sem Grásleppa heitir og fer í kaf um hálfallið, en varnar þó brimi og sjávarólgu að komast inn á skipaleguna. Leiðin inn á Víkina liggur um sundin báðum megin Grásleppunnar (sjá 035 og 036).“ Ennfremur segir í örnefnaskrá: „Nú skal getið helztu landingastaða við Víkina. Næst Hafnarsundinu 031 er Ranabryggja 037, þá Ranasteinn 038, svo Bryggjan 039 næst botni Víkurinnar, sem kallaður er Sandur og er aðallending eyjarbúa, þar setja þeir upp báta sína og geyma á vetrum.“ „Þarna er landingin í Hergilsey, með þeim bestu í Vestureyjum og vel varin fyrir sjógangi nema helst í norðaustanátt“, segir í Eylendu. Í Árbók Barðastrandarsýslu er Víkin kölluð Eyjarvogur.

Sandurinn er hrein sendin fjara fyrir botni Bæjarvíkuinnar.

Sunnan við landinguna eru litlar klappir.


Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Hergilsey, 2; Eylenda, I, 228 og 230; Árbók Barðastrandarsýslu 1952, 26

BA-088:041 *Tindabikkja* hleðsla landing 65°26.041N 23°01.223V

„Spottakorn fyrir austan Sandinn [040], er bryggja hlaðin úr völdu grjóti fram af ósléttri hlein, kallast Tindabikkja, hún er norður frá Hæstabæ 001 og mikið notuð þaðan við flutning á blautu heyi, líkt og Bryggjan 039 við Sandinn (sjá 040) frá Neðstabæ005/006 og Miðbæ 003,“ segir í örnefnaskrá.

Bryggjan er á suðurströnd Bæjarvíkurinnar, um 45m austan við fjós 014 og um 20m



Tindabykkja 041, horft til suðurs

norðnorðaustan við brunn 046.

Fjaran er sendinn að fjöruborði en nokkuð grófari þegar kemur upp á landið. Mikið er af þörungagróðri er í fjörunni.

Bryggjan er hlaðin úr lárettu stuðlabergi sem ákvarðar breidd hennar. Bryggjan er um 15m að lengd, um 2m að breidd og um 1m á hæð þar sem hleðslurnar eru hvað hæstar. Hún snýr svo til alveg norður suður og liggur norðurendi hennar út í sjó. Hleðslur eru í góðu ásigkomulagi.

Hættumat: engin hættu

Heimildir:Ö-Hergilsey, 2

BA-088:042 *Nátthagi* gerði nátthagi

65°26.010N 23°01.054V

"Austur frá Hæstabæ 001 inn með klettabrún Hæðarinnar að norðanverðu, er austasti eða innsti hluti túnsins í Hergilsey og heitir Dýraflöt ... Fyrir austan hana er Nátthagi ...", segir í örnefnaskrá. Holtið sem Þverbrekka (sjá umfjöllun 001) er í nefnist Hæð. Nátthagi er inn




Nátthagi 042, horft til austurs

með Hæðinni um 100 m austurnorðaustur frá rústum Hæstabæjar 001 og um 15 m austur frá lambhúsi 026.

Á grasi vöxnum undirlendishjalla undir háu stuðlabergsholti, við sjó.

Heildarstærð megin-nátthagans er um 73 x 56 og liggur hann austur vestur. Garðlag er umhverfis nátthagann og er það grjóthlaðið að mestu utan þess að austurhliðin er úr torfi. Þrjú gerði eru sambyggð megin-nátthagannum. Skal

fyrst telja það stærsta sem er sambyggt honum að norðanverðu. Norðurhlið Nátthagans myndar suðurhlið gerðisins en vesturhlið þess er mynduð af garðlagi sem gengur til norðurs frá Nátthagannum. Hlið inn í gerðið virðist hafa verið í gegnum garðlagið um 4 m frá Nátthagannum. Austurhlið gerðisins er svo mynduð af náttúrulegum klettum, hár sjávarbakki myndar norðurhliðina. Heildarstærð gerðisins er um 40 x 20 m (austur-vestur). Annað gerði er innanvert í norðvesturhorni Nátthagans. Er það um 8 x 7 m að stærð með stefnuna austur-



Uppdráttur af náthaga 042

hleðsluhæð mest um 0,5 m.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Hergilsey, 2

BA-088:043 tóft heygryfja

65°25.998N 23°01.333V

Grjóthlaðin votheysgryfja er um 2 m suðvestur frá fjósi 009 sem tilheyrði Norðurbæ 005. Að sögn Guðbrands Þórðarsonar sem er uppalinn í Hergilsey var reynt að búa til votheysgryfjur við nokkur útihús í eyinni, en það gafst þó illa þar sem erfitt var að þétta þær til að skapa rétt geymsluskilyrði fyrir vothey.



Heygryfja 043, horft til austurs

Við rætur hæðar í þýfðu, óráktuðu túni.

Gryfjan er ferköntuð og er hún um 1,5 x 1 m að stærð og liggur austur vestur. Jarðvegur virðist hafa safnast upp í gryfjunni eða fyllt upp í hana þar sem dýpt hennar nú er í mesta

lagi 0,5 m.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Hergilsey, 1

BA-088:044 *Nýjavör* heimild um lendingu

65°26.034N 23°01.151V

„Niður af þessum útskækli túnsins, Dýruflöt (sjá umfjöllun 042), er Nýjavör ... [Hún] ... er



Nýjavör 044, horft til norð-norðvesturs

miðja vegar milli Tindabikkju 041 og Djúpahleinar 045.", segir í örnefnaskrá. Sunnanmegin í Bæjarvík er Nýjavör. Hún er um 18 m austan við bryggju 070 og um 50 m norðnorðvestan við lambhústóft 026.

Rudd vör í grýttri fjöru.

Vörin opnast til norðurs að sjó og er hún um 10 m að lengd og um 2 m að breidd. Eru þetta innanmál. Hefur grjótinu verið hróflað upp sitt

hvoru megin og því er ekki um eiginlegar hleðslur að ræða.

Hættumat: engin hættu

Heimildir:Ö-Hergilsey, 2 og 13

BA-088:045 *Djúpahlein* heimild um lendingu

65°26.041N 23°01.010V



Djúpahlein 045, horft til norð-norðvesturs

„Niður af þessum útskækli túnsins, Dýruflöt (sjá umfjöllun 042), er Nýjavör 044, og nokkru austar er Djúpahlein, sem er austasti lendingarstaður við Víkina sunnanverða. Við þá hlein er jafnan nóg dýpi, þótt lágsjávað sé", segir í örnefnaskrá. Djúpahlein er eins og nafnið bendir til klöpp sem liggur að sjó og hefur hún verið notuð sem náttúruleg höfn.

Hættumat: engin hættu

Heimildir:Ö-Hergilsey, 2

BA-088:046 *Litlibrunnur* heimild um brunn

65°26.029N 23°01.232V

"Í suður frá Tindabikkju 041 er bezta vantsbólið í Hergilsey og heitir Litlibrunnur....[Í] honum drukknaði 16 ára gömul stúlka, dóttir Jóns Eggertssonar bónda í Hergilsey, er hún ætlaði að sækja vatn" segir í örnefnaskrá Hergilseyjar. Í annari örnefnaskrá sem er að finna í Árbók Barðastrandarsýslu frá árinu 1952 segir að stúlkan hafi drukknað í svonefndum Fornabrunni (sjá 073) og er hann sagður norðan undir Bjarghól. Er hún jafnframt nafngreind (hún hét Guðríður Jónsdóttir) og sögð 17 ára gömul. Litlibrunnur er um 100 m norðaustur af



Litlibrunnur 046 er ágætlega hlaðinn en alveg orðinn þurr. Horft til norðurs

Hæstabæ 001, um 10 m ofan fjöru.

Brunnurinn er í aflíðandi grasi vaxinni brekku sem hallar til norðurs að sjó.

Brunnurinn sem er hringlaga er um 2 m í þvermál og grjóthlaðinn, þ.e. 5 umför af hleðslugrjóti. Dýpt hans nú er um 0,7 m og er botn hans þurr.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Hergilsey bls. 3,15; Árbók Barðastrandarsýslu 1952, bls. 27

BA-088:047 hús smiðja

65°26.065N 23°01.356V

"Örskammt norðvestur frá Neðstabæ 005 eru nokkur hús hlið við hlið ... þau [húsin] eru



Á myndinni eru þrjár tóftir: 047, 048 og 056. Horft er til norð-norðvesturs

byggð úr torfi og grjóti og snúa tímurstöfnum í suðvestur, í átt að Lóninu 028. Merkest þeirra eru smíðahús Snæbjarnar ...", segir í örnefnaskrá. Um er að ræða tóftir tveggja húsa og hjalls sem eru um 30 m norðvestur frá fjárhúsum 062 og skemmu 063. Þessi mannvirki eru í röð frá norðri til suðurs og eru húsatóftirnar með austur-vestur stefnu en hjallurinn liggur norður- suður. Er hjallurinn nyrst. Ekki er alveg ljóst hvor húsatóftin er eftir

"smíðahús Snæbjarnar" en þó er talið líklegra að það sé sú syðri þar sem að upphlaðinn stallur, mögulega garði, er meðfram innanverðum norðurvegg nyrðri tóftarinnar sem bendir til þess að hún sé eftir skepnuhús. Er syðri húsatóftin skráð hér en nyrðri tóftin er skráð sem 048 og hjallurinn sem 056.

Í þýfðu túni sem er fallið í órækt.

Tóftin er um 6 x 4 m að stærð og er hún opin í vesturenda, sem bendir til þess að þar hafi verið timburgafl. Dyr eru nyrst á norður og suðurveggjum og er steypur þröskuldur í þeim syðri. Hleðslur tóftarinnar sem eru úr grjóti standa nokkuð vel og ná þær mest um 1,5 m á hæð.


Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Hergilsey, 3; Eylenda, I, 231, 234 og 237

BA-088:048 tóft útihús

65°26.065N 23°01.356V

"Örskammt norðvestur frá Neðstabæ [005] eru nokkur hús hlið við hlið ... þau [húsin] eru byggð úr torfi og grjóti og snúa timburstöfnum í suðvestur, í átt að Lóninu [028]. Merkust



Uppdráttur af tóftum 047, 048 og 056

þeirra eru smíðahús Snæbjarnar ...", segir í örnefnaskrá.", segir í örnefnaskrá. Um er að ræða tóftir tveggja húsa og hjalls sem eru um 30 m norðvestur frá fjárhúsum 062 og skemmu 063. Þessi mannvirki eru röð frá norðri til suðurs og eru húsatóftirnar með austur-vestur stefnu en hjallurinn liggur norður suður. Er hjallurinn nyrst. Ekki er alveg ljóst hvor húsatóftin er eftir "smíðahús Snæbjarnar" en þó er talið líklegt að það sé sú syðri þar sem að upphlaðinn stallur, mögulega garði, er meðfram innanverðum norðurvegg nyrðri tóftarinnar sem bendir til þess að hún sé eftir skepnuhús. Er nyrðri húsatóftin skráð hér en syðri tóftin er skráð sem 047 og hjallurinn sem 056.

Í þýfðu túni sem er fallið í órækt. Örmjótt sund, um 1,5 m á breidd skilur að tóft 047 og 048. Tóft 048 er um 6 x 4 m að stærð og eru dyr syðst á vesturvegg. Grjóthlaðinn stallur, um 0,5 m á hæð er meðfram innanverðum norðurvegg tóftarinnar. Er mögulegt að um sé að ræða garða, sem bendir til þess skepnhúss af einhverju tagi. Tóftin er grjóthlaðin og er hleðsluhæð mest um 1,5 m.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Hergilsey, 3; Sóknarlýsingar vestfjarða

BA-088:049 lind brunnur

65°26.024N 23°01.216V

Um 15 m austan við Litlabrunn 046, rétt ofan við fjöruna, er brunnur sem búið er að fylla af grjóti.

Í aflíðandi grösugri brekku sem hallar mót norðri til sjávar.



Lind 049, horft til norðvesturs

Brunnurinn er nokkur veginn hringlaga og um 1,5 m í þvermál. Nyrst má sjá ofaná óraskaðar hleðslur í brunnjaðrinum en annars er brunnurinn fullur af grjóti og líklegt að hluti hleðslanna hafi eyðilagst við uppfyllinguna.

Hættumat: engin hætta

BA-088:050 tóft óþekkt

65°25.974N 23°01.204V

"Milli brekkunnar [þverbrekkunar sem liggur yfir eyjuna austan við túnið á Hergilsey] og bæjarins [Hæstabæjar, 001] gróf Snæbjörn [hreppstjóri Kristjánsson] niður í gamla hústótt, djúpt í jörðu. Væri fróðlegt að athuga þessa hústótt nánar.", segir í örnefnaskrá. Ekki er að fullu ljóst hvaða tóft er átt við í textanum hér að ofan en samkvæmt þeim staðsetningum sem örnefnaskráin gefur er þó kannski líklegast að hún hafi verið á rústasvæði því sem talið er geymi leifar Ingjaldsbæjarins 087. Ekki sást nein ummerki eftir þennan skurð og því ekki hægt að staðsetja skurðinn. Hnitið hér að ofan það sama og á tóft 087.

Í túni sem fallið er í órækt.

Heimildir:Ö-Hergilsey, 3

BA-088:051 *Kríuhóll* heimild um myllu

65°25.987N 23°01.323V



Á myndinni sést grjóthleðsla sem sennilega hefur verið grunnur myllu 051. Horft til norðurs

"Vestur frá bænum [Hæstabæ, 001] er allhár hóll grasi gróinn sem túnið, heitir hann Kríuhóll. Á honum stóð eitt sinn vindmylla, síðan fánastöng. Sumir trúðu því, að fyrsti bóndinn í Hergilsey, Hergils hnappraz Þrándarson, lægi þar grafinn. Sjá Sögu Snæbjarnar [Kristjánssonar, bónda og hreppstjóra í Hergilsey og Ferð um fornar stöðvar eftir Matthías skáld Jochumsson.", segir í örnefnaskrá. Uppi á hábungu Kríuhóls, um 60 m vestnorðvestur frá Hæstabæ er

grjóthruga sem mögulega er leifar af undirstöðum myllunnar.

Á grösugum hól eða hólrana. Sléttur blettur þar sem grjótið er.

Grjóthleðslan er einföld og sporöskjulaga með grjóthruðu innan í. Er hún um 2 m x 2 m að stærð.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Hergilsey, 3; Eylenda, I, 234 og 237

BA-088:052 garðlag vörslugarður

65°25.950N 23°01.227V

„Á Þverbrekkubrúninni, er tildrað upp einföldum grjótgarði til varnar ágangi nautpenings á túnið," segir í örnefnaskrá. Grjótgarður er á brún Þverbrekku upp af Hæstabæ 001. Er hann í



Garðlag 052, horft til norðausturs

tveimur hlutum, annars vegar beint suður af Hæstabæ og hins vegar 20 m vestsuðvestar.

Á brún grasigróins stuðlabergsholts.

Hluti garðsins sem er beint upp af Hæstabæ er um 12 m langur en sá vestsuðvestari er um 22 m að lengd. Garðlagið er hlaðið úr stuðlabergsgrjóti og er það mikið hrunið úr hleðslum að einungis eru eftir 1-2 umför af hleðslum. Hleðsluhæð er mest um 0,5 m og breidd um 0,5.

Heimildir:Ö-Hergilsey, 3

BA-088:053 Kúagangur gata leið

65°25.950N 23°01.227V



Kúagangur 053 liggur skáhallt upp Þverbrekkuna. Horft til norðausturs

"Götutroðningurinn upp brekkuna [Þverbrekkuna sem liggur yfir eyjuna austan við túnið] heitir Kúagangur.", segir í örnefnaskrá. "Kúagangur (gata upp brekkuna norðvestan í Sjónarhól [sem er hæsti hól Hergilseyjar, suðaustanvert á eyjunni]).", segir í Árbók Barðastrandarsýslu. Kúagangur liggur í sneiðingi til suðvesturs upp eftir Þverbrekku og eru neðrimörk hans við rætur brekkunnar suðaustur af Hæstabæ 001.

Brött brekka í grasi grónu stuðlabergsholti.

Gatan er ekki mjög greinileg enda er brekkan vel gróin.

Heimildir:Ö-Hergilsey, 3; Eylenda, I, 228; Árbók Barðastrandarsýslu 1952, 26

BA-088:054 *Tunnubrunnur* heimild um brunn

Suðaustanvert á Hergilsey liggur hæðarhryggur. "Sunnan aðal hryggjarins, og samhliða honum, koma tveir aðrir hryggir, kallaðir Balar, hærri og neðri ... Gengur mýri milli þeirra frá vestri til austurs, þar er Tunnubrunnur.", segir í örnefnaskrá. Tunnubrunnur fannst ekki við vettvangskönnun.

Heimildir:Ö-Hergilsey, 4

BA-088:055 *Ingjaldsbyrgi* gerði fjárskýli 65°25.915N 23°01.106V

Suðaustanvert á Hergilsey liggur hæðarhryggur. "Sunnan aðal hryggjarins, og samhliða honum, koma tveir aðrir hryggir, kallaðir Balar, hærri og neðri ... Sunnanvert við Bjarghól




Mögulegt Ingjaldsbyrgi 055, horft til suðvesturs

[sem er suðvestan við Sjónarhól], hjá hærri Balanum, þeim megin er að mýrinni [sjá 054] veit, eru leifar af mjög jarðsignu grjóttgerði, hálfhringmynduðu upp við klett.", segir í örnefnaskrá. Gerðið er skammt frá Vaðsteinabergi, skv. skránni um friðlýstar fornleifar. Í Frásögum um fornaldarleifar stendur orðrétt: "Á Hergilsey í Flateyar=Kyrkiu=sókn er at skoda svonefnt Fífls=gérði, hvar Ingealdr Hergíls

Hnapparassarson geymdi Ingjalds fífl, Helga son sinn...Gyrðing þessi, af Grióti upphladin, byriar suNanverdt hvar Eyan er hedz, eptir þeiRi ávaulu Grasbrecku, er náð hefr nær því ofan á svokallada Vadsteina=beargs=brún; er Gérdit hladit krínglött 14 fadmar ummáls utanverdt, en 9. fadmar at iNan. I mideom Girdíngar=hríng þessum stendr jaftraftr Steinn, sem eptir Almenníngs Frásogn, skal hafa verit tjódrunar=steinnin, þót éngin síáist Festarhalds=merki á honum. "Sagt er að Ingjaldsfíflíð muni hafa verið tjóðrað þar ... Í Árbók hins íslenzka Fornleifafélags frá 1893, bls. 2, segir Sigurður Vigfússon fornfræðingur, að þar heiti enn í dag Ingjaldsbyrgi, og að þar hafi fundist raufarsteinn, en hann sé nú eyðilagður. Í örnefnaskrá virðist Fíflsbyrgi einnig hafa verið þekkt heiti á Ingjaldsbyrgi sbr.: "...Fíflsbyrgi, sjá Ingjaldsbyrgi." á bls. 15. Í Gísla sögu Súrssonar segir að: "Helgi hét sonr Ingjalds ok var afgangi sem mestr mátti vera ok fífl; honum var sú umbúð veitt, at raufarsteinn var bundinn við hálsinn, og beit hann gras úti sem fénaðr ok er kallaðr Ingjaldsfífl; hann var mikill vexti,

nær sem troll." ÍF, VI. bindi. Í Árbók Barðastrandarsýslu er Ingjaldsbyrgi einnig kallað Fífilsbyrgi, eins og í örnefnaskránni. Vaðsteinaberg er við suðurströnd Hergilseyjar suðvestur frá Hæstabæ 001. Um 40 m austur frá Vaðsteinabergi er vesturendinn á grjóthlöðnu garðlagi sem nær um 50 metra til austurs meðfram klettabrún við mýrarsund sem liggur austur- vestur. Garðlagið er skráð sem 072 en norðan við byrgið sem hér er skráð, undir klettabrún. Nálægt austurenda þess er grjóthlaðin rúst eftir sumarfjós frá Hæstabæ 001, byggt af Snæbirni Kristjánssyni hreppstjóra og bónda í Hergilsey á árunum 1896-1935 og hefur fjósið númerið



Á uppdrættinum má sjá fjóra minjastaði: mögulegt Ingjaldsbyrgi 055, sumarfjós 071, garðlag 072 og svo litla tóft 082 sem er orðin mjög óljós

071 hér í skráningunni. Garðlag 072 sem sennilega er frá svipuðum tíma og fjósið virðist hafa mynda aðhald á móti klettabrúninni. Þarna má einnig greina leifar mikið sigins og fornlegs garðlags eða gerðis sem liggur í hálfhring frá klettunum utan um fjósið og liggur það útfyrir og er undir garðlagi 072. Þessi mannvirki eru á svipuðum

slóðum og sagt er að Ingjaldsbyrgi/Fífilsbyrgi/Fífilsgerði hafi verið á. Lýsingunum hér að framan ber saman um að Ingjaldsbyrgi hafi verið hálfhringlaga mannvirki upp við kletta. Er mögulegt að garðlagið fornlega sem síðast var talið upp hér að framan sé gerðið sem menn töldu að væri Ingjaldsbyrgi og er það því skráð hér.

Mýrarsund undir klettavegg.

Svæðið sem garðlagið/gerðið afmarkar er um 16 x 16 m að stærð. Hleðslur virðast hafa verið úr grjóti en eru það mikið signar og grónar að rétt sést móta fyrir þeim. Er hleðsluhæð því einungis um 0,2 m. Breidd garðlagsins er mest um 1,5 m.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Hergilsey, 4 og 15; ÍF, VI. bindi, 79; Árbók Barðastrandarsýslu 1952, 26; FF, 402; Skrá um friðlýstar fornleifar, 23; Árbók hins íslenska fornleifafélags, 2

BA-088:056 tóft hjallur

65°26.071N 23°01.361V

"Örskammt norðvestur frá Neðstabæ 005 eru nokkur hús hlið við hlið ... þau [húsin] eru byggð úr torfi og grjóti og snúa timburstöfnum í suðvestur, í átt að Lóninu 028. Merkust þeirra eru smíðahús Snæbjarnar ...", segir í örnefnaskrá. Um er að ræða tóftir tveggja húsa og

hjalls sem eru um 30 m norðvestur frá fjárhúsum 062 og skemmu 063. Þessi mannvirki eru í röð frá norðri til suðurs og eru húsatóftirnar með austur-vestur stefnu en hjallurinn liggur norður suður. Er hjallurinn nyrst. Ekki er alveg ljóst hvor húsatóftin er eftir "smíðahús Snæbjarnar" en þó er talið líklegra að það sé sú syðri þar sem að upphlaðinn stallur, mögulega garði, er meðfram innanverðum norðurvegg nyrðri tóftarinnar sem bendir til þess að hún sé eftir skepnuhús. Er hjallurinn skráður hér en húsatóftirnar eru skráðar sem 047 (sú syðri) og 048 (sú nyrðri).

Í þýfðu túninu sem er fallið í órækt.

Hjallurinn er um 7 x 6 m að stærð. Hann samanstendur af einum frístandandi vegg með austur-vestur stefnu sem er um 7 m norður frá tóft 048, norðurvegg tóftarinnar sem myndar suðurhlið hans, og einum veggstubb um 2,5 m á lengds sem er í framhaldi af austurvegg hústóftarinnar. Enginn veggur er að vestanverðu. Hleðsluhæð er um 1,5 m. Að sögn heimildamanns var fiskurinn hengdur á slár sem lagðar voru á milli norðurveggjar hjallsins og tóftarinnar (sjá mynd og uppdrátt við minjastaði 047 og 048).

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Hergilsey, 4-5

BA-088:057 heimild um lendingu 65°25.905N 23°00.884V

Suðaustanvert á Hergilsey liggur hæðarhryggur. "Sunnan aðal hryggjarins, og samhliða honum, koma tveir aðrir hryggir, kallaðir Balar, hærri og neðri ... Sunnan Balanna, er lítil undirlendisræma, þar sér fyrir húsatóttum 047, 048, 056 og lendingu í lítilli vík við sjóinn.", segir í örnefnaskrá. Lendingin er náttúruleg fjara, ósnert af mannahöndum.

Heimildir:Ö-Hergilsey, 4-5; Árbók Barðastrandarsýslu 1952, 23

BA-088:058 tóft skotbyrgi 65°26.075N 23°01.463V

Austan undir Stóra-Rana, um 80 m vest-norðvestur af hjalli 056 er hálfhringlaga grjóthlaðin tóft, sennilega eftir skotbyrgi.


Byrgið er ofan (norðan) fremur stórgrýttar fjöru.

Byrgið er hlaðið utan í brekku og er það um 5 x 4 m að stærð og eru hleðslur úr stuðlabergsgrjóti. Lega tóftarinnar er austnorðaustur-vestsuðvestur og er hleðsluhæð mest um 1 m.

Hættumat: engin hætta



Skotbyrgi 058, horft til suðvesturs



Uppdráttur af skotbyrgi 058

BA-088:059 dys óþekkt

65°26.072N 23°01.476V

Sunnanvert í Stórrrana (sjá 029) og um 9 m vestsuðestur af skotbyrgi 058 er hár hjalli. Á



Lóðrétt mynd af dysjum 059, 060 og 061.

honum eru þrjár reglulegar grjóthrúgur eða dysjar í hnapp og eru þær skráðar sem 059, 060 og 061. Ekki er ljóst hvert hlutverk dysjanna hefur verið, en grafið var í dys 060 til að kanna hvort þetta gætu verið legstaðir. Niðurstaða könnunarinnar var sú að sennilega eru dysjarnar undirstöður undan þurrkhjalli og því hlutar af sama mannvirki, en þar sem ekki er hægt að skera úr um það að svo stöddu, eru þær skráðar í sitt hvoru lagi.

Á grónum hjalla í stuðlabergsstapa við sjó.

Dys 059 er um 0,8 m norðan við dys 060. Er hún um 2 x 1 m að stærð með leguna norðaustur-suðvestur. Stendur grjótið í henni lítið upp úr og er það í svipaðri hæð og grasrótin.

Hættumat: engin hætta

BA-088:060 dys óþekkt

65°26.070N 23°01.475V

Sunnanvert í Stórrrana (sjá 029) og um 9 m vestsuðestur af skotbyrgi 058 er hár hjalli. Á honum eru þrjár reglulegar grjóthrúgur eða dysjar í hnapp og eru þær skráðar sem 059, 060 og 061. Ekki er ljóst hvert hlutverk dysjanna hefur verið, en grafið var í þessa dys 060 til að

kanna hvort þetta gætu verið legstaðir. Niðurstaða könnunarinnar var sú að sennilega eru dysjarnar undirstöður undan þurrkhjalli og því hlutar af sama mannvirki, en þar sem ekki er hægt að skera úr um það að svo stöddu, eru þær skráðar í sitt hvoru lagi.



Grafinn var könnunarhola í dys 060

Á grónum hjalla í stuðlabergsstapa við sjó.

Dys 060 er vestsuðveststast og er hún um 3 x 1,5 m að stærð með leguna norðvestur-suðaustur. Stendur dysin um 0,3 m upp úr sverðinum. Grafinn var 0,65 x 0,56 m stór hola og voru um 0,5 m niður á klöpp. Tekið var grjót upp úr hrúgunni miðri sem var greinilega afmörkuð með kantsteinum en stærra grjót var í miðjunni. Grjótið náði um 0,25 m niður fyrir svörð en þar fyrir neðan var fokmold og svo

klöpp. Eftir könnun á þessari hrúgu og samhengi við þær tvær hrúgur sem nálægar voru er talið að þetta hafi verið þurrkstæði.

Hættumat: engin hætta

BA-088:061 dys óþekkt

65°26.071N 23°01.475V

Sunnanvert í Stórranna (sjá 029) og um 9 m vestsuðvestur af skotbyrgi 058 er hár hjalli. Á honum eru þrjár reglulegar grjóthrúgur eða dysjar í hnapp og eru þær skráðar sem 059, 060 og 061. Ekki er ljóst hvert hlutverk dysjanna hefur verið, en grafið var í dys 060 til að kanna hvort þetta gætu verið legstaðir. Niðurstaða könnunarinnar var sú að sennilega eru dysjarnar undirstöður undan þurrkhjalli og því hlutar af sama mannvirki, en þar sem ekki er hægt að skera úr um það að svo stöddu, eru þær skráðar í sitt hvoru lagi.

Á grónum hjalla í stuðlabergsstapa við sjó.

Dys 061 er um 0,8 m vestnorðvestur af dys 060. Er hún um 1,8 x 0,8 m að stærð með leguna norðvestur-

suðaustur stendur grjótið í henni lítið upp úr og er það í svipaðri hæð og grasrótin.

Hættumat: engin hætta

BA-088:062 tóft fjárhús

65°26.052N 23°01.342V

Fjárhús með hlöðu er um 30 m norðvestur af Neðstabæ 005/006. Tilheyrði það, sem og skemma sem er sambyggð því að sunnanverðu, Suðurbænum á Neðstabæ 006. Er skemman skráð undir númerinu 063.



Tóftir 062 og 063, horft til norðurs

Í óræktuðu þýfðu túni.

Tóftin er í heildina um 15 x 9 að stærð og liggur nokkurn veginn austur-vestur. Hlöðuhlutinn sem er austast er um 8 x 4 m og snýr hann norður-suður, en fjárhúshlutinn sem snýr austur-vestur er um 11 x 9 m. Grjóthlaðinn garði liggur eftir endilöngu miðju fjárhúsinu. Tóftin er opin í vesturenda sem bendir til þess að þar hafi verið timburgafl.


Tóftin er úr torfi og grjóti og nær hleðsluhæðin

mest um 1,4 m. Lítil votheysgryfja er austast við norðurvegg fjárhússins og er hún um 1,5 x 1 m að stærð og um 0,7 m á dýpt. Að sögn heimildamanns var þessi gryfja notuð sem fylgsni Gísla Súrssonar við tókur á kvikmyndinni Útlaginn.

Hættumat: engin hætta

BA-088:063 tóft skemma

65°26.052N 23°01.339V



Skemmutóft er sambyggð fjárhústóft 062 að sunnanverðu.

Í óræktuðu þýfðu túni.

Skemmutóftin, sem liggur austur-vestur, er um 10 x 7 m að stærð og opin í austur og vesturenda, sem bendir til þess að þar hafi verið timburgaflar. Hleðsluhæð er mest um 1,4 m.

Hættumat: engin hætta

Uppdrátturinn sýnir tóftir 062 og 063

BA-088:064 hleðsla fiskreitir

65°26.076N 23°01.348V

Um 20 m upp af Ranavör 031 og um 11 m austnorðaustur af hjalli 056 er grjóthlaðið garðlag. Á grasi grónum malarkambi við sjó.

Garðlagið er um 8 m langt og um 1 m breitt og liggur austur-vestur með hleðsluhæð um 0,6 m. Er sennilega þurrkgarður.

Hættumat: engin hætta

BA-088:065 tóft kálgarður

65°26.067N 23°01.392V



Kálgarður 065, horft til suðausturs

Kálgarðstóft er um 9 m vestur frá hjalli 056 og húsatóftum 047-048.

Á uppgrónum sjávarkambi í halla að sjó.

Kálgarðurinn sem er grjóthlaðinn er um 26 x 12 m að stærð og er hleðsluhæð mest um 0,8 m. Liggur hann nokkurn vegin norður suður. Ekki sést greinilega hvar inngangur inn í kálgarðinn hefur verið.

Hættumat: engin hætta

BA-088:066 tóft óþekkt

65°26.056N 26°01.371V

Tóft er um 20 m suðvestan við tóft 047 og um 25 m vestan við fjárhús 062. Suðurhliðin á



Tóft 066 og kálgarður 065, horft til norðvesturs

kálgarði 065 virðist hafa verið byggður ofan á nyrsta hluta þessarar tóftar.

Tóftin er á grasi grónum sjávarbakka.

Tóftin er um 12 x 6 m að stærð og snýr norð-norðvestur og suð-suðaustur. Hún er einföld og er op á suðsuðaustur gaflinum. Vegghleðslur eru mjög signar og ógreinilegar. Tóftin er vart meira en 0,2 m á hæð en breidd veggjanna er um 2,5 m á breidd.

Hættumat: engin hætta

BA-088:067 tóft kálgarður

65°26.072N 23°01.410V

Kálgarðstóft gengur til vestnorðvesturs frá norðurenda kálgarðstóftar 065.

Á malarkambi við fjöru.

Um er að ræða tvo grjóthlaðna langveggi, suðvesturvegg og norðausturvegg. Er suðvesturveggurinn mjög greinilegur en norðausturveggurinn er hins vegar óðum að hverfa í sjávarmöl. Heildarstærð kálgarðsins er um 38 x 14 m og er hleðsluhæð suðvesturveggjarins

mest um 1m.


Hættumat: engin hætta

BA-088:068 tóft óþekkt

65°25.933N 23°00.893V



Tóft 068, horft til suðausturs



Uppdráttur af tóft 068

Um 40 m austur af hinu meinta bæjarstæði eldri Suðurbæjarins (sjá 002), austast í Hergilsey, er lítil sporöskjulaga rúst.

Á dálitlum hól á þýfðu og grasi vöxnu undirlendi sem er votlent á köflum.

Rústin, sem snýr nokkur vegin austur-vestur, er um 7 x 5 m að stærð er nokkuð sigin og að mestu gróin, en þó má sjá glytta í grjót hér og þar. Hleðsluhæð er mest um 0,5 m.

Hættumat: engin hætta

BA-088:069 hleðsla óþekkt

65°26.030N 23°01.177V



Hleðslur 069 og 070, horft til norð-norðaustur

Grjóthleðsla er á sjávarbakka við sunnanverðan botn Bæjarvíkur, um 30 m austnorðaustur frá brunni 049. Grjóthlaðin bryggja (sjá 070) gengur út í víkina fyrir framan hleðsluna.

Er efst í sendinni fjöru vestast, en liggur svo upp á grasivaxinn sjávarbakka er austar dregur. Hleðslan er um 30 m á lengd og liggur nokkurn veginn austur-vestur. Er hún úr fremur stórgerðu grjóti og eru hleðslur nokkuð gengnar til eða hrundar, einkum þó austast.

Hleðsluhæð neðst um 0,5 m og breidd um 1 m. Þetta gæti mögulega verið varnargarður, en einnig gæti hleðslan gegnt hlutverki göngugarðs upp úr fjörunni.

Hættumat: engin hætta

BA-088:070 hleðsla lending

65°26.035N 23°01.175V

Framan/norðan við hleðslu 069 gengur grjóthlaðin bryggja út í Bæjarvík.

Bæjarvíkin liggur nokkurn veginn austur-vestur og er fjaran nokkuð sendin í botni hennar (vestast), en grýtt meðfram norður og suðurströndinni. Er bryggjan hlaðin á fjörugrjótinu.

Bryggjan, sem liggur norðaustur-suðvestur, er um 20 m á lengd og um 2 m á breidd. Hleðsluhæð er mest um 0,5 m.

Hættumat: engin hætta

BA-088:071 tóft fjós

65°25.920N 23°01.112V

Um 40 m austur frá Vaðsteinabergi er vesturendinn á grjóthlöðnu garðlagi sem nær um 50 metra til austurs meðfram klettabrún við mýrarsund sem liggur austur-vestur. Garðlagið er skráð sem 072 en norðan við það undir klettabrúninni nálægt austurenda þess er grjóthlaðin rúst eftir sumarfjós frá Hæstabæ 001, byggt af Snæbirni Kristjánssyni hreppstjóra og bónda í Hergilsey á árunum 1896-1935 og er fjósið skráð hér. Garðlag 072 virðist vera frá svipuðum



Sumarfjós 071, horft til norðurs. Uppdrátt af fjósinu má sjá hjá minjastað 055

tíma og fjósið virðist hafa haft það hlutverk að mynda aðhald við það á móti klettabrúninni. Þarna má einnig greina leifar mikið sigins garðlags eða gerðis sem liggur í hálfhring frá klettunum utan um fjósið og liggur það útfyrir og undir garðlag 072. Þessi mannvirki eru á svipuðum slóðum og sagt er að Ingjaldsbyrgi/Fíflsbyrgi/Fíflsgerði 055 hafi verið.

Mýrarsund undir klettavegg.

Tóftin er um 8 x 8 m að stærð og er hæð hleðslna sem eru eingöngu úr grjóti, á bilinu 1,7-1,9 m. Þykkt veggja er um 1,5 m. Timburleifar sennilega úr innviðum hússins eru á víð og dreif um rústina.

Hættumat: engin hætta

BA-088:072 garðlag vörslugarður

65°25.917N 23°01.104V

Um 40 m austur frá Vaðsteinabergi er vesturendinn á grjóthlöðnu garðlagi sem liggur til austurs meðfram klettabrún við mýrarsund sem liggur austur-vestur. Norðan við það undir



Garðlag 072, horft til suðvesturs.
Sjá má teikningu af garðlaginu
ásamt fleiri minjastöðum á
upprætti hjá minjastað 055

klettabrúninni nálægt austurenda þess er grjóthlaðin rúst eftir sumarfjós 071 frá Hæstabæ 001, byggt af Snæbirni Kristjánssyni hreppstjóra og bónda í Hergilsey á árunum 1896-1935. Garðlag 072 virðist vera frá svipuðum tíma og fjósið virðist hafa haft það hlutverk að mynda aðhald við það á móti klettabrúninni. Þarna má einnig greina leifar mikið sigins garðlags eða gerðis sem liggur í hálfhring frá klettunum utan um fjósið og liggur það útfyrir og undir þetta garðlag 072, sem hér er skráð. Þessi mannvirki eru á svipuðum slóðum og sagt er að Ingjaldsbyrgi/Fíflsbyrgi/Fíflsgerði 055 hafi verið.

Mýrarsund undir klettavegg.

Garðlagið er um 50 m langt og um 1-1,5 m á breidd. Er það nokkuð sigið og hrúnið úr hleðslum svo hleðsluhæð er

mest um 0,5 m.

Hættumat: engin hættu

BA-088:073 *Fornibrunnur* örnefni brunnur

"Fornibrunnur, hann er í mýrinni austur af Náthaga 042 ...""Urðarbrunnur var oftast nefndur Fornibrunnur.", segir í örnefnaskrá. "Fornibrunnur eða Urðarbrunnur (norðan undir Bjarghól [sem er vestan við Sjónarhól sem er hæsti hól hæðarhryggjarins, vestanvert á Hergilsey, (sjá einnig umfjöllun 055). Í þeim brunni drukknaði Guðríður dóttir Jóns Eggertssonar, 17 ára gömul, rann í brunninn um svellaða vök).", segir í Árbók Barðastrandarsýslu. Í örnefnaskrá Hergilseyjar er stúlkan sögð hafa drukknað í Litlabrunni 046. Fornibrunnur fannst ekki við vettvangskönnun.

Hættumat: engin hættu

Heimildir:Ö-Hergilsey, bls.13; Árbók Barðastrandarsýslu 1952, bls. 27.

BA-088:074 *Stóribrunnur* lind brunnur 65°26.003N 23°01.203V

"Stóribrunnur, hann er austur af Heimabæ.", segir í örnefnaskrá. Stóribrunnur er um 50 norðustur frá rústum Hæstabæjar/Heimabæjar 001.

Brunnurinn er í þýfðu túni.

Brunnurinn sem er steiptur, sexhyrningslaga og um 2 m í þvermál. Sjálft gatið ofan í hann er þó einungis 0,6 m í þvermál.



Stóribrunnur 074, horft til norðurs

Heimildir:Ö-Hergilsey, 13

BA-088:075 *Kúabrunnur* lind brunnur
"Kúabrunnur er í Nátthagamýri (sjá einnig Nátthaga 042).", segir í örnefnaskrá. Kúabrunnur fannst ekki við vettvangskönnun.

Heimildir:Ö-Hergilsey, 13

BA-088:076 *Bólið* heimild um kvíar

65°25.962N 23°01.157V

„Bólið er uppi á brekkubrúninni fyrir ofan eða gegnt Heimabæ 001 en austanvert við túngarðinn og vestanvert við Sjónarhólinn [sem er hæsti hól hæðarhryggjarins, vestanvert á Hergilsey, sjá t.d. 055]. Þar voru kýrnar mjaltaðar," segir í örnefnaskrá. Engin mannvirki eru sjáanleg þar sem Bólið á að hafa verið.

Grösug og býsna slétt svæði á brekkubrún.

Að sögn Guðbrands Þórðarsonar, sem er fæddur og uppalinn í Hergilsey, voru kýrnar það spakar í eygni að þær voru mjólkaðar þar sem þær stóðu.

Heimildir:Ö-Hergilsey, 13

BA-088:077 þúst óþekkt

65°25.935N 23°01.210V



Þúst 077, horft til suð-suðausturs

"Hergilsey liggur í norðvesturhorni Flateyjarhrepps...Hún liggur frá austri til vesturs, eins og flestar eyjar í grennd, ca 18 ha, og hæst allra Vestureyja, 29 metrar. Hæst er hún um miðjuna endilanga, hallar suður og norður af. Einkum ber mikið á þremur hólum: Sjónarhól, sem er hæstur, Skothúshól þar austur af, en Bjarghóll vestast...Norður frá Sjónarhól og Bjarghól er nokkurt undirlendi. Þar er túnið, og þar stóð aðalbyggðin.", segir í Árbók Barðastrandarsýslu 1952. " Þverbrekka liggur yfir eyjuna austan [eða austsuðaustan] við túnið...Vestur undir Þverbrekkunni stendur Hæstibærinn eða Heimabærinn 001...", segir í örnefnaskrá. Þverbrekka liggur frá suðvestri til norðausturs

suðaustan við túnið og meginbyggðina í Hergilsey. Á brún hennar raðast hólarnir þrír sem

nefndir voru hér að framan, frá suðvestri til norðausturs, Bjarghóll, Sjónarhóll og Skothúshóll. Þúst er eftst á Bjarghól sem virðist manngerð. Grasigróinn hóll.

Þústin er um 4 x 4 m og mögulega um 0,5 m á hæð. Greinilegt er að grafið hefur verið í þústina þar sem hola er í hana miðja sem er um 1,5 x 1 m að stærð og 0,2 m á dýpt. Liggur holan sjálf norður-suður. Ekki er loku fyrir það skotið að Snæbjörn hafi grafið í þústina á sínum tíma, e.t.v. talið hana geta vera kuml.

Hættumat: engin hætta

BA-088:078 náma mógrafir

65°25.946N 23°01.099V

Hergilsey liggur í norðvesturhorni Flateyjarhrepps...Hún liggur frá austri til vesturs, eins og flestar eyjar í grennd, ca 18 ha, og hæst allra Vestureyja, 29 metrar. Hæst er hún um miðjuna endilanga, hallar suður og norður af. Einkum ber mikið á þremur hólum: Sjónarhól, sem er hæstur, Skothúshól þar austur af, en Bjarghóll vestast...Norður frá Sjónarhól og Bjarghól er nokkurt undirlendi. Þar er túnið, og þar stóð aðalbyggðin.", segir í Árbók Barðastrandarsýslu 1952. " Þverbrekka liggur yfir eyjuna austan [eða austsuðaustan] við túnið... Vestur undir Þverbrekkunni stendur Hæstibærinn eða Heimabærinn 001...", segir í örnefnaskrá. Þverbrekka liggur frá suðvestri til norðausturs suðaustan við túnið og meginbyggðina í Hergilsey. Á brún hennar raðast hólarnir þrír sem nefndir voru hér að framan, frá suðvestri til norðausturs, Bjarghóll, Sjónarhóll og Skothúshóll. Mýrarsund sem liggur vestnorðvestur-austsuðaustur er á milli Sjónarhóls og Bjarghóls og þar eru mógrafir.

Mýrlend lægð á milli hólrana.

Mógrafasvæðið er um 70 x 15 m að stærð. Grafirnar eru mikið grónar, en þó allgreinilegar.

Hættumat: engin hætta

BA-088:079 tóft óþekkt

65°25.911N 23°00.874V

"Bæjarstæði suðaustan til á Hergilsey, þar mótast fyrir húsatóttum ...", segir í örnefnaskrá. Einföld tóft er við sjóinn um 70 m suðaustur frá gamla Suðurbæ 002.


Tóftin, sem er einföld, er um 11 x 7 m á breidd, snýr norðvestur-suðaustur og er hleðsluhæð um 0,6 m. Hleðslur eru nokkuð grónar en þó sést í hleðslugrjóttum hér og þar. Dyr eru á miðjum vestsuðvesturvegg. Fast suðvestan dyranna er dálítill hleðsla, um 3 m á kant sem gæti verið eldri en sjálf tóftin. Um það verður þó ekki fullyrt að svo stöddu.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Hergilsey, 15



Tóft 079, horft til suðurs



Uppdráttur af tóft 079

BA-088:080 garðlag göngugarður

65°25.976N 23°01.219V

Garðlag úr torfi og grjóti er 30 m sunnan við kálgarð 013 og norðan við tóft 020. Liggur þetta garðlag frá Þverbrekku milli Hæstabæjar 001 og Neðstabæjar 005/006. Liggur um grasigróið sléttlendi. Garðurinn er hlaðinn úr torfi og grjóti, er grjótið neðst og torfið haft ofan á. Garðlagið er um 1 - 1,5m á breidd og um 0,3 m á hæð. Er þetta talinn vera göngugarður en slíkur garður er til að auðvelda yfirferð manna og fjár.



Garðlag 080, horft til norðvesturs



Garðlag 081, horft til vesturs

BA-088:081 garðlag vörslugarður

65°26.003N 23°00.886V

Hlaðinn grjótveggur er 270-280m austur af Hæstabæ 001, 130-140 norð-norðaustur af Suðurbæ 002 og um 50 m vestnorðvestan af Skothúshól 083.

Vegghleðslan er norðaustan undir talsvert miklum rana og heitir efsti kollurinn á þessum rana

Skothúshóll.

Vegghleðslan er um 55 m löng og snýr norðaustur suðvestur. Op er á vegghleðslunni norðaustarlega. Vegghleðslan er frekar vel hlaðin úr stóru stuðluðu grjóti og má telja um það bil 6 umför. Hún er um 1m á hæð og um 1m á breidd.

Hættumat: engin hætta

BA-088:082 tóft óþekkt

65°25.917N 23°01.091V



Tóft er 160 m suðaustan við Hæstabæ 001. Hún er þétt austan við austurendann á garðlagi 072 og um 6m austan við Ingjaldsbyrgi 055.

Tóftin er á grónum mel undir lágu klettabelti.


Tóftin er einföld og virðist grjóthlaðin en er mikið gróin. Hún hefur mjög óljóst ytra byrði en skýrara innri vegg og því verður innanmál hennar hér látið duga. Innanmál hennar eru 1,5 x 0,5m og snýr hún í suðsuðaustur og norðnorðvestur. Hægt er að greina op á tóftinni á suðurgafli. Vegghleðslur eru mjög signar en eru þó um 0,4 m á hæð að innanverðu.

Hættumat: engin hætta

Tóft 082, horft til norðurs. Hún er orðin mjög óljós en teikningu af henni er að finna á uppdrætti hjá minjastað 055

BA-088:083 *Skothússhóll* tóft skotbyrgi

65°25.984N 23°00.838V



Uppdráttur af tóft 083

Tóft 083 á Skothúshól, horft til norðurs

„Skothússhóll (austur frá Sjónarhól [sem er hæsti hóll Hergilseyjar, suðaustananvert á

eyjunni)", segir í Árbók Barðastrandarsýslu. Á kolli Skothúshóls er tóft. Hún er 300 m austan við Hæstabæ 001, 50 m suðaustan við vörslugarð 081 og 120-130m norðaustur af Suðurbæ 002.

Tóftin er á háum, grösugum hól sem er mikið þýfður.

Tóftin er 3 x 2m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Tóftin er einföld og má merkja fyrir opi syðst á norðaustur langvegg. Vegghleðslur eru mjög signar, um 0,3 m á hæð og um 0,50 m á breidd.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Árbók Barðastrandarsýslu 1952, 26; Eylenda, I, 228

BA-088:084 varða óþekkt

65°25.982N 23°01.111V



Varða 084, horft til vesturs

Varða er á Sjónarhól, um 100 m vestur af Hæstabæ 001 og 60-70m norðan við mógrafir 078.

Efst á grasi grónum hól sem er hæsti punktur Hergilsey.

Varðan er 1x1,5m að stærð neðst og snýr austur-vestur. Hún mjókkar upp í strýtu og er um 1 m á hæð.


Hættumat: engin hætta

BA-088:085 tóft óþekkt

65°26.077N 23°01.552V



Tóft 085, horft til suðausturs



Uppdráttur af tóft 085

Tóft 085 er 100 m vestan við Hæstabæ 001 og um 60-70 m norðan við mógrafir 078. Í grasigrónum bala sem snýr mót suðri. Tóftin er undir grýttri brekku með fingerðu stuðlabergi. Tóftin er 3 x 2 m að stærð og snýr vestur austur. Sennilega hefur verið timburveggur á suðurhlið því suðurveggi vantar en auk þess dragast veggir tóftarinnar að sér til suðurs. Tóftin er grjóthlaðin og eru hleðslur fallnar en þær eru nú um 0,4 m á hæð.

Hættumat: engin hætta

BA-088:086 varða óþekkt

65°26.092N 23°00.399V

Varða er í Hróvaldsey og er hún 680 m vestan við Hæstabæ 001 og um 150 m vestan við vörðu 093 sem er einnig í Hróvaldsey.



Varða 086, horft til vesturs

Vörðubrotið er á grösugum hól sem er allur smáþýfður.

Varðan er svo til alveg hrunin. Það eina sem eftir er er lág grjóthrúga um 0,3 m há og um 1 m í þvermál. Hlutverk vörðunnar er ekki vitað en sennilega hefur hún verið mið fyrir sjófarendur.

Hættumat: engin hætta

BA-088:087 Ingjaldsbær bæjarhóll bústaður

65°25.974N 23°01.204V

"Hin forna Ingjaldsbæjarrúst; hún er að nokkru leyti að baki núverandi bæ.", segir í skrá um friðlýstar fornleifar. Tóftaþyrping er um 10m suðaustan við Hæstabæ 001 og um 20 m norðan við tóft 020.



Meintur Ingjaldsbær 087, horft til vesturs

Grasi gróið svæði undir smáklettóttri brekku sem nefnist Þverbrekka.

Svæðið er um 25 x 16 m að stærð og snýr austur-vestur. Svæðið er töluvert upphlaðið og má sjá móta fyrir þrem hólum á svæðinu sem gæti þó verið vegna seinni tíma framkvæmda. Garðlag 080 liggur yfir

tóftaþyrpinguna.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Skrá um friðlýstar fornleifar, 23

BA-088:088 *Hafnarlending* heimild um lendingu 65°26.116N 23°01.144V



Hafnarlending 088, horft til norðausturs

„Hafnarlending sunnan á eyjunni (þar var þrautalending, þegar mjög var lágsjávað),“ segir í Árbók Barðastrandarsýslu. Hér er verið að tala um eyjuna Höfn sem kölluð er hólmi í örnefnaskránni. Hafnarlending er 260-270 m norðnorðaustur af Hæstabæ 001, um 20 m austan við Hafnarsund 031 og um 150 m norður af hleðslu 094.

Heimildir:Árbók Barðastrandarsýslu 1952, 27; Ö-Hergilsey, 2

BA-088:089 *Norðurnös* heimild um lendingu 65°26.050N 27°01.477V

"... sunnan við Lónið 028 var Norðurnös ...", segir í Árbók Barðastrandarsýslu.

Klettasnasir og vogar á vesturströnd Hergilseyjar.

Heimildir:Árbók Barðastrandarsýslu 1952, 27

BA-088:090 *Ranasnös* heimild um lendingu 65°26.066N 23°01.561V

"... en vestur frá Stóra-Rana [sem er vestasti hluti Hergilseyjar] var Ranasnös ...", segir í Árbók Barðastrandarsýslu.

Klappir og klettur brattir í sjó fram.

Í Árbók Barðastrandarsýslu er talað um að Stóri-Rani sé norðaustasti tangi Hergilseyjar.

Heimildir:Árbók Barðastrandarsýslu 1952, 26-27; Eylenda, I, 228



Bryggja 091, horft til suðurs

BA-088:091 hleðsla lending

65°26.045N 23°01.218V

Bryggja úr hlöðnu grjóti er 120-130 m norðnorðaustur af Hæstabæ 001, um 5 m austur af Tindabikkju 041 og 70-80 m suður af Ranabryggju 037.

Fjaran er sendinn alveg við fjöruborðið en verður grófari og grýttari þegar kemur upp á landið. Mikið er af þörungagróðri er í

fjörinni. Bryggjan sem er hlaðin úr frekar grófu grjóti er öll á kafi í þaragróðri. Er hún um 15 m að lengd og um 2-3 m á breidd. Hleðsluhæð er um 0,30 m. Bryggjan virðist bein nema kannski alveg nyrst að hún sveigi lítið eitt til vesturs.

Hættumat: engin hætta


BA-088:092 *Naust* heimild um naust

65°26.054N 23°01.300V

"Sandurinn 040 var aðallendingin við vogsbotninn [sjá, 034], upp af honum Naust ...", segir í Árbók Barðastrandarsýslu. Naust er 150 m norðnorðvestan við Hæstabæ 001, 30 m austan við



Naust 092, horft til suðurs



Uppdráttur af nausti 092

veggjabreidd um 1-1,5 m.

Hættumat: engin hætta

skemmu 063 og 30 m norðnorðaustan við smiðju 007 við Neðstabæ.

Grasi gróinn sjávarbakki fast ofan við fjöruborðið.

Tóftin er þrískipt, hún er 14 x 10 m að stærð og snýr norðnorðvestur og suðsuðaustur. Hólf A er 6 x 3 m að innanmáli og snýr vestsuðvestur og austnorðaustur. Það er engin gafll á hólfinu til austurs að sjó en við vesturgafll þess er stór

þykk járnplata sem er um 4 x 4 m að stærð. Norðan við hólf A er hólf B. Það er samsíða hólf A og er 5 x 3 m að innanmáli og snýr vestsuðvestur og austnorðaustur líkt og hólf A. Það er alveg opið til austurs að sjó eins og hólf A. Vestan við hólf B er hólf C. Það er 9 x 3m að innanmáli og snýr norðnorðvestur og suðsuðaustur. Það er engin gafll á því til norðurs en fyrir suðurgafllinum er sama járnplata og er fyrir vesturendanum á hólf A. Þá má sjá lítið skot sem kemur inn í tóftina austan við opið á hólf C og norðan við hólf B. Tóftin er öll grjóthlaðin og er hleðsluhæð veggja um 1,5 m þar sem hún er hæst og

Heimildir:Árbók Barðastrandarsýslu 1952, 27; Eylenda, I, 228

BA-088:093 varða óþekkt

65°26.091N 23°00.598V

Varða er í Hróvaldsey, um 530-540 m austnorðaustur af Hæstabæ 001, um 150m vestur af



Uggi Ævarsson að skrá vörðu 093, horft til suðurs

vörðu 086 sem einnig er á Hróvaldsey og 270-280 m austnorðaustur af vegghleðslu 081.

Varðan er á grösugri hæð.

Varðan er svo til alveg hrúnin. Hún er 1x1m að stærð en ekki mikið meira en 40cm á hæð. Ekki liggur ljóst fyrir hvaða hlutverki hún hefur þjónað en líklegast hefur hún verið notuð sem mið fyrir sjófarendur.

Hættumat: engin hættu

Heimildir:Ö-Hergilsey, 15; Árbók Barðastrandarsýslu, 27

BA-088:094 hleðsla óþekkt

65°26.035N 23°01.150V

Garðhleðsla er 110-120 m norðaustur af Hæstabæ 001, um 40 m norðvestan við lambhús 026 og fast austan Nýjuvarar 044.

Garðhleðslan er í brattri gróinni brekku sem snýr til norðurs.

Garðhleðslan er 10 m löng, um 1-1,5 m á breidd og um 0,5 m á hæð. Ekki virðist hafa verið vandað til smíðinnar og lítur helst út fyrir að hróflað hafi verið upp stóru grjóti í hleðsluna.

Hættumat: engin hættu

Heimildir

Eysteinn G. Gíslason. „Eyjar í Barðastrandarsýslu.“ *Árbók Ferðafélags Íslands. Breiðafjarðareyjar*. Hjalti Kristgeirsson ritstjóri. Reykjavík, Ferðafélag Íslands 1989, 135-219.

Árni Magnússon. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Dala-og Barðastrandarsýsla, Hið íslenska Fræðafélag, Kaupmannahöfn 1938.

Frásögur um fornaldarleifar 1817-1823. II bindi. Sveinbjörn Rafnsson bjó til prentunar. Örn og Örlygur, Reykjavík 1983.

Íslensk fornrit I. Íslendingabók og Landnáma. Reykjavík 1968.

Íslensk fornrit VI. Vestfirðinga sögur. Gísla saga Súrssonar, Fóstbræðra saga, þáttur Þormóðar, Hávarðar saga Ísfirðings, Auðunar þáttur vestfirzka og Þorvarðar þáttur krákunefs. Reykjavík, 1943.

Íslensk fornrit XIII. Harðar saga, Bárðar saga, Þorskfirðinga saga, Flóamanna saga ofl. Reykjavík 1941.

Íslenskt fornbréfasafn VI (Diplomatarium Islandicum). Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík, 1900-1904,

Íslenskt fornbréfsafn III (Diplomatarium Islandicum). Hið íslenska bókmenntafélag, Kaupmannahöfn 1896.

Sóknalýsingar Vestfjarða. I. Barðastrandarsýsla. Samband vestfirzkra áttahagafélaga. Reykjavík 1952.


Sveinbjörn Guðmundsson “Hergilsey” *Árbók Barðastrandarsýslu*. s. 23-33. Reykjavík 1952.

Þorsteinn Jónsson (ritstj.). Eylenda I. Ábúendur í Flateyjarhreppi og þjóðlífsþættir. Reykjavík 1996.

Örnefnaskrá Hergilseyjar. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum [án ártals].

Viðauki I. Fornleifakort og örnefnakort

Hergilsey



SKÝRINGAR MEÐ FORNLEIFAKORTI


- ◆ Bæjarstæði
- ◆ Landbúnaðarminjar
- ◆ Sjávarminjar
- ◆ Aðrar búsetumínjar
- ◆ Mínnjar frá fyrra búsetuskeiði

Hergilsey. Fornleifakort I




SKÝRINGAR MED FORNLEIFAKORTI

- ◆ Bæjarstæði
- ◆ Landbúnaðarminjar
- ◆ Sjávarminjar
- ◆ Aðrar búsetumínjar
- ◆ Minjar frá fyrra búsetuskeiði




Hergilsey. Fornleifakort II




SKÝRINGAR MED FORNLEIFAKORTI

- ◆ Bæjarstæði
- ◆ Landbúnaðarminjar
- ◆ Sjávarminjar
- ◆ Aðrar búsetuminjar
- ◆ Minjar frá fyrra búsetuskeiði



Hergilsey. Fornleifakort III



SKÝRINGAR MED FORNLEIFAKORTI

◆	—	Bæjarstæði
◆	—	Landbúnaðarminjar
◆	—	Sjávarminjar
◆	—	Aðrar búsetuminjar
◆	—	Minjar frá fyrra búsetuskeiði

